

LÖGMANNA BLAÐIÐ

7. árg.

Mars

1 / 2001

Einsleitur Hæstiréttur

Mörður lögmaður

Groa@leiti.is

Frá félagsdeild LMFÍ

Námskeið fyrir lögmenn

Frá Laganefnd

Fyrirlestrar um evrópskan féлага- og skattarétt

Breytingar á félagatali

Útgefandi:
Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Jóhannes Karl Sveinsson hrl.

Ritnefnd:
Bjarki H. Diego hrl.
Björn L. Bergsson hrl.
Ragnar H. Hall hrl.



Eiríkur Tómasson,
prófessor

Um hdl. námskeið

—
Bls. 9

Jóhannes Karl
Sveinsson, hrl.
Hlutabréf sem
greiðsla fyrir lög-
mannsstörf

—
Bls. 11

Bjarki H. Diego, hdl.
Afleiðusamningar

—
Bls. 15

Af Merði lögmanni

S languryrðið „lúser“ hafði öðlast alveg nýja merkingu í huga Marðar. Hann taldi sig vera mesta erki „lúser“ allra tíma. Hann var búinn að tapa sautján málum í röð. Honum leið eins og þjálfara fót-boltaliðs sem er að falla úr neðstu deild – í eyrum hans hljómaði lagið sem blúsarinn söng um árið um óheppna manninn: „If it wasn't for bad luck I wouldn't have no luck at all“. Þá rak á fjörur Marðar skilnaðarmál, sem átti að vera gulltryggt. „Maður tapar ekki skilnaðarmálum“ hugsaði Mördur.

Málið var erfitt, en með harðfylgi tókst Merði og hinum lögmanninum að slíta hjónin í sundur. Þau slógust um allt sem hægt var að slást um, hvort sem það voru áskrift-armiðarnir að símfóníunni, hundurinn eða aðildin að gönguhópnum. Málin leystust þannig að konan, sem Möður var fyrir, fékk áskriftina að símfóníunni, maðurinn fékk hundinn, en aðildinni að gönguhópnum var skipt þannig að sumarið 2001 fór maðurinn með hópnum, en sumarið 2002 átti konan að fara og svo koll af kalli. Hvorugt hjónanna vildi börnin og börnin ekki foreldra sína.

Stuttu seinna var Mördur staddur á skemmtistað í bænum og rakst þá á hjónin í innilegum faðm-lögum og horfði síðan á þau hverfa saman út í náttmyrkrið eins og ástsjúka unglinga. Já, Mördur var erki „lúser“, honum tókst jafnvel ekki að halda einum hjónum í sundur hvað þá meira.

Í framhaldi af þessu skilnaðarmáli fór

Mördur að velta því fyrir sér hvernig það væri að vera fráskilinn. Hann mátaði sig í huganum við ýmsar konur og myndin var ekki slæm. Mördur hafði reyndar aldrei haft

„kvindeatrække“, en hann hafði heyrt að á þessum aldri væru konur hætтар að horfa í útlitið, en horfu því meira á starfs-titil og hugsanlega hluta-bréfaeign. Slíkar konur væru hætтар að horfa í tígulegan limaburð,

stæltu og loðna bringu, svo og annað sem Merði hafði aldrei verið gefið. Mördur var sannfærður um að starfstíllinn „lögmaður“ bæri með sér ótvíræðan kynþokka á þessum nýju miðum. Hann myndi ekki þurfa annað en að nefna það að hann væri fráskilinn lögmaður og konurnar myndu líta framhjá svitahringjunum á skyrtunni, þunna hárinu og þykknandi maganum. Mördur sá sig fyrir sér umvafinn og eftirsóttan fráskilinn lögmann. Ekkjur myndu bjóða honum í kjötsúpu, einstæðar mæður senda honum pönnukökur o.s.frv.

Því meira sem Mördur hugsaði um þetta því svangari varð hann. Rifjást þá upp fyrir honum að í dag var fimmtudagur og á fimmtudögum var konan alltaf með kjötbollur í brúnni sósu. Uppáhaldsrétt Marðar. Mördur gerði sér þá grein fyrir því að ef hann ætti að velja milli kjötbolludisks

og einhvers glæsikvendis, þá myndi hann velja kjötbollurnar. „Lítið var, sem lokið er“ hugsaði Mördur og hélt heim á leið í kjötbollurnar. Hann kom þó við í blómabúð og keypti blóm handa frúnni.

Hvorugt hjónanna vildi börnin og börnin ekki foreldra sína.

Mördur sá sig fyrir sér umvafinn og eftirsóttan fráskilinn lögmann.

Einsleitur Hæstiréttur

Lögmenn óska Ingibjörgu Benediktsdóttur til hamingju með skipun í embætti hæstaréttardómara. Ingibjörg er lögmennum að góðu kunn sem vandvirkur og afkastamikill dómari. Hún hefur starfað sem dómari í sakadómi og síðar í Héraðsdómi Reykjavíkur frá því hún lauk lagaþrófi 1975. Þá var hún settur hæstaréttardómari árið 1994. Ingibjörg býr því að mikilli dómara-reynslu, sérstaklega í sakamálum,



Ásgeir Thoroddsen, hrl., formaður L.M.F.Í.

ekki einsleitur, heldur skipaður dómurum með starfsreynslu af öllum þessum sviðum. Vakinn er athygli á því að við brotthvarf Hjartar Torfasonar úr embætti, mun aðeins einn skipaðra dómara réttarins búa yfir reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmaður“.

Bókun þessari var fylgt eftir í samtali formanns við dómsmálaráðherra.

Í tilefni af skipun hæstaréttardómara samþykkti stjórn LMFÍ að senda ráðherra bréf þar sem m.a. segir:

„Stjórn LMFÍ telur Ingibjörgu Benediktsdóttur vel að því komna að hljóta embættið. Stjórnin vill engu að síður ítreaka þau sjónarmið sín að þess sé gætt að rétturinn verði ekki einsleitur og jafnframt að svo sem rétturinn verður nú skipaður hefur aðeins einn af níu dómurum Hæstaréttar nokkra reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmaður“.

Á síðustu 30 árum hafa verið skipaðir 24 hæstaréttardómarar. Af þeim hafa 6 komið úr röðum sjálfstætt starfandi lögmannna en aðrir úr röðum dómara (10), Háskóla Íslands (6), og úr embættismannageiranum (2). Þegar litið er til þessa 30 ára tímabils má álykta að ráðherrar hafi reynt að gæta jafnvægis. Í 6 síðustu skiptin eða frá 1991 hefur hins vegar enginn lögmaður verið valinn eða ekki síðan Gunnar M. Guðmundsson var skipaður. Er nú svo komið að aðeins einn dómara við réttinn, Guðrún Erlendsdóttir, verður talin búa að reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmaður en hún var skipuð 1986.

Vakin er athygli á því að við brotthvarf Hjartar Torfasonar úr embætti, mun aðeins einn skipaðra dómara réttarins búa yfir reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmaður“.

sem á eftir að nýtast vel á nýjum vinnustað við Lindargötu.

Þótt árnaðar- og hamingjuóskir fylgi Ingibjörgu hefðu lögmenn kosið að í Hæstarétt veldist nú dómari sem byggi yfir reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmaður.

Í bókun stjórnar LMFÍ 17. janúar sl. sagði:

„Vegna væntanlegrar skipunar nýs dómara við Hæstarétt Íslands vill stjórn Lögmannafélags Íslands vekja athygli á mikilvægi þess að rétturinn sé skipaður hæfustu mönnum í beitingu réttarheimilda sem völ er á. Það er jafnframt mikilvægt að í Hæstarétti séu dómarar, sem búa yfir víðtækri og fjölbreyttri reynslu af lögfræðistörfum, úr dóm- og stjórnarsýslu og af fræði- og lögmannsstörfum. Mikilvægt er að Hæstiréttur hverju sinni sé

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
sími (telephone): 568-5620
bréfsími (telefax): 568-7057
tölvupóstur (E-mail): lmfí@lmfí.is
heimasíða: www.lmfí.is

Stjórn L.M.F.Í.

Ásgeir Thoroddsen hrl.,
formaður
Gunnar Jónsson hrl.,
varaformaður
Helgi Birgisson hrl.,
gjaldkeri
Valborg Snævarr hdl.,
ritari
Ársæll Hafsteinsson hdl.,
meðstjórnandi

Starfsfólk L.M.F.Í.

Ingimar Ingasson,
framkvæmdastjóri
Jóna Kristjana Kristinsdóttir,
félagsdeild
Guðný Gísladóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmennum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:
kr. 1.500 + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

Netfang ritstjórnar: jks@landslog.is

Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja

Umsjón auglýsinga:

Öflun ehf., sími 533 4440

Hæstiréttur á að endurspeglar viðtæk viðhorf þeirra karla og kvenna sem telja sig sérstaka þjóna réttargyðjunnar. Í viðtali við nýskipaðan hæstaréttardómara segir hún að þörf sé á konum í

Hæstiréttur á að endurspeglar viðtæk viðhorf þeirra karla og kvenna sem telja sig sérstaka þjóna réttargyðjunnar

Hæstarétti því að túlkun þeirra á lögum geti í vissum tilfellum verið önnur en karla. Undir þetta sjónarmið er tekið. Sömu rök eiga við um lögmenn. Þeirra reynslu- og þekkingarheimur þarf að komast að við úrlausn mála. Skal fullrytt að sá heimur er stundum ólíkur þeim sem starfsmenn hins opinbera hrærast í.

LÖGMENN

Löggiltar þýðingar á dómskjölum og öðrum gögnum. Dómtúlkun.

**Skjót og vönduð
vinnubrögð.**

ÞÝÐINGAR OG TEXTARÁÐGJÖF

Pósthússtræti 13, 2. hæð
101 Reykjavík • Sími: 562-6588
Bréfsími: 562-6551
Farsími: 897 2717

Netfang: ellening@simnet.is



Ellen Ingvadóttir

löggiltur dómtúlkur og skjálþýðandi

Eru skjölin að þrengja að þér?

Hjá okkur eru skjölin þín geymd við fullkomnar aðstæður í nýju, öruggu húsnæði. Þú þarft aldrei að hafa áhyggjur af plássi, öryggi skjalanna eða því að finna ekki ákveðin skjöl.

Með því að nýta þér þjónustu okkar ert þú komin með framtíðarlausn.

- ✗ Betri nýting á húsnæði þínu.
- ✗ Yfirlit yfir öll skjöl í geymslu.
- ✗ Minni tími fer í leit.
- ✗ Allur kostnaður skjalageymslunnar verður sýnilegur.

Hafðu samband og láttu okkur þjónusta þig.
Pantaðu bæklinginn okkar í síma 587 9800.

Gagnageymslan ehf.
Smiðshöfða 1.
110 Reykjavík
Sími: 587 9800
www.gagnageymslan.is



GAGNAGEYMSLAN



HÆSTARÉTTARDÓMAR Á PRENTI

Hjá dómverði Hæstaréttar fást eftirtaldir árgangar

1920 - 1924	500 kr.
1925 - 1928 A	500 kr.
1925 - 1929 B	500 kr.
1930	500 kr.
1931 - 1932	500 kr.
1933	500 kr.
1934	500 kr.
1935	500 kr.
1936	500 kr.
1937	500 kr.
1938	500 kr.
1939	500 kr.
1940	500 kr.
1941	500 kr.
1942	500 kr.
1943	500 kr.
1944	500 kr.
1945	500 kr.

1946 ljp.	800 kr.
1966	500 kr.
1967	500 kr.
1968	500 kr.
1969	500 kr.
1970	500 kr.
1971	500 kr.
1972	500 kr.
1973	500 kr.
1974	500 kr.
1975	500 kr.
1976	500 kr.
1977	500 kr.
1978	500 kr.
1979	500 kr.
1980	700 kr. 2 hefti
1981	800 kr. 1 hefti
1982	900 kr. 2 hefti

1983	1.000 kr. 2 hefti
1984	1.200 kr. 2 hefti
1985	1.400 kr. 2 hefti
1986	1.800 kr. 2 hefti
1987	2.400 kr. 2 hefti
1988	3.000 kr. 2 hefti
1989	3.600 kr. 2 hefti
1990	4.500 kr. 2 hefti
1991	5.000 kr. 2 hefti
1992	6.000 kr. 3 hefti
1993	6.600 kr. 3 hefti
1994	8.800 kr. 4 hefti
1995	8.800 kr. 4 hefti
1996	11.000 kr. 5 hefti
1997	8.800 kr. 4 hefti
1998	11.000 kr. 5 hefti
1999	6.600 kr. 3 hefti

50% afsláttur til laganema



HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Dómshúsinu við Arnarhól, Lindargötu 2 • Sími: 510 3030 • www.haestirettur.is

Af ábyrgðarlausum ábyrgðarmönnum, útlendingum og verðbréfavíðskiptum

Eins og lesendum blaðsins er kunnugt, starfar Laganefnd Lögmannafélags Íslands á vegum félagsins og sitja nú í nefndinni: Jakob R. Möller, hrl., formaður, Erlendur Gíslason, hrl., Ólafur Haraldsson, hdl., Ragnar H. Hall, hrl., og Sif Konráðsdóttir, hrl.

Í samþykktum félagsins segir, að hlutverk nefndarinnar sé að fylgjast með lögum, lagaframkvæmd og lagafrumvörpum frá Alþingi og gefa stjórn félagsins ábendingar og tillögur til umsagnar um þau. Meginhlutverk nefndarinnar hefur þó orðið að veita Alþingi umsögn um frumvörp, sem þar hafa verið lögð fram. Umsagnarfrestur er oft mjög skammur og ekki alltaf fært að senda umsagnirnar til stjórnar áður en skila þarf til Alþingis. Þrátt fyrir þetta hygg ég að segja meg, að til stjórnar séu send drög að umsögn um um mjög mikilsverð mál, eða sérlega viðkvæm, en umsagnir um flest önnur eru afgreiddar beint frá Laganefnd til Alþingis. Ber þess að geta, að framkvæmdastjóri félagsins situr ávallt fundi nefndarinnar og heldur utan um pappírslóðið og fylgist stjórnin þannig með störfum nefndarinnar. Enn er þess að geta að á milli stjórnar og nefndar er mjög gott samkomulag og hefur í minni tíð sem formanns laganefnar og áður sem formanns félagsins aldrei borið neitt í milli, sem heitið getur. Greini nefnd og stjórn á, leiðir það af samþykktum að stjórnin ræður!

Lögmannafélaginu berast mjög mörg frumvörp til umsagnar, í raun fleiri en ástæða er til, en líka ekki alveg öll sem ættu að berast og verður því laganefnd að fylgjast með framlagningu frumvarpa. Nánast öll frumvörp, sem fara til allsherjarnefndar eru send féluginu til umsagnar, af stjórnarfrumvörp-



Jakob R. Möller, hrl.

um eru það frumvörp, sem dómsmálaráðherra flytur. Aðrar nefndir senda einnig frumvörp, sem þær telja að Lögmannafélagið geti fjallað um af sérþekkingu.

Hér á eftir verður lítillaga greint frá þremur frumvörpum, sem laganefnd hefur nýlega fjallað um:

Greini nefnd og stjórn á, leiðir það af samþykktum að stjórnin ræður!

1. Frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, flutningsmenn úr öllum þingflokkum 1. flutningsmaður Lúðvík Bergvinsson, lögfræðingur og þingmaður Samfylkingar.
3. Frumvarp til laga um útlendinga og
4. frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti

Frumvarp til laga um ábyrgðarmenn

Eins og kunnugt er af verulegum fréttaplutningi var frumvarp þetta flutt á haustþingi og var því vísað til efnahags- og viðskiptanefndar, sem sendi það til umsagnar til fjölmargra aðila, þar á meðal Lögmannafélagsins. Örlög frumvarpsins eru enn óráðin.

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur

um skilgreiningu réttarsambands kröfuhafa og ábyrgðarmanns, réttarstöðu ábyrgðarmanns, undanþægar eignir vegna krafna reistra á ábyrgðarloforðum og fleira. Í umsögn laganefnar var í inngangi fjallað almennt um sammingsfrelsi, þróun fjármagnsmarkaðar á Íslandi og notkun sjálfskuldarábyrgða í víðskiptum. Var þar m.a. vísað til Samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, sem gert var að frumkvæði víðskiptaráðherra á milli helztu fjármálastofnana, ráðuneytisins og neytendasamtaka, svo norskra laga um finansavtaler, sem nýlega hefur verið breytt með tilliti til upplýsingaskyldu fjármálastofnana við ábyrgðarmenn. Því næst var fjallað um mikilvægi víðskipta-bréfareglna.

Í hinni efnislegu umsögn um frumvarpið sjálft sagði nefndin m.a.: „Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, að með því sé ekki ætlunin að vega að sammingsfrelsi einstaklinga, en fátt eitt er sagt um víðskipta-bréfareglur. Laganefnd telur, að í frumvarpinu sé gengið miklu lengra í að takmarka sammingsfrelsið en nokkur ástæða er til og að breytingar á víðskipta-bréfareglum, sem frumvarpið ráðgerir, yrðu til mikils tjóns fyrir allan almenning, fyrirtæki og lánastofnanir. Virðist einnig grunnhyggið að ætla, að reglur frumvarpsins muni hafa þau áhrif að draga úr þeirri skyldu sem lánastofnanir hafa til þess að tryggja kröfur sínar eða tryggja sínar kröfur. Líklegt er, að samþykkt frumvarpsins mundi einnig mjög torvela aðgang hinna efnaminni að lánsfé og þannig í reynd stuðla að frekari misskiptingu lífsgæða í landinu. Víðskiptalífið mun vafalaust finna aðrar leiðir til tryggingar kröfum, en hætt er

við að þær leiðir gætu orðið þungbærari skuldurum og myndu leiða til aukins kostnaðar vegna hærri vaxta og lántökugjalda auk annars.

Aðför, gjaldprotaskipti og réttarfarsreglur. Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um réttarsamband kröfuhafa og ábyrgðarmanns. Margt í þessum kafla er varhuga-vert, en sumt sýnist bæði varhuga-vert og nánast óframkvæmanlegt. Samkvæmt 9. gr. yrði bannað að gera aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður eða fjölskylda hans býr vegna ábyrgðarkröfu, sem ábyrgðarmaður ekki hafði hag af. Sýnist gert ráð fyrir því, að ákvæðið verði óundanþægt. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til svokallaðra „Homestead Exemption Acts“ í Bandaríkjunum, en þau ákvæði munu einungis taka til gjaldprotaskipta. Eins og Hróbjartur Jónatansson, hrl., hefur bent á í grein í Morgunblaðinu, 14. desember 2000, eru hinar bandarísku reglur undanþægar og taka yfirleitt til takmarkaðra fjárhæða. Er vand-séð, að það yrði almannahagsmunum á Íslandi til bóta að taka upp slíkar undantekningarreglur úr bandarískum rétti, og gera þær víðtækari, ekki síst þegar haft er í huga að hinar bandarísku reglur eiga rót sína í mjög miklum sviptingum efnahags- og stjórnmálalífs þar í landi í lok 19. aldar og kreppunni miklu á fjórða áratug þeirrar 20.

Telja má og, að framkvæmd slíkra reglna yrði mjög erfið, ef ekki ómöguleg, nema þá endaskipti yrðu sömuleiðis höfð á fullnusturéttarfarsreglum héraendis. Ekki er orð um það að finna í frumvarpinu sjálfu eða greinargerð með því.

Um hættulegar reglur frumvarpsins, með ófyrirséðum afleiðingum, má nefna í dæmaskyni ákvæði lokamálsliðar 10. gr. um að nauðasamningur eða önnur eftirgjöf sem kveði á um lækkun kröfu á hendur aðalskuldara hafi sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni. Þetta ákvæði mundi vafa-

— — — — —
*Líklegt er, að samþykkt
frumvarpsins mundi
einnig mjög torvelða
aðgang hinna efnaminni
að lánsfé og þannig í
reynd stuðla að frekari
misskiptingu lífsgæða
í landinu.*
— — — — —

lítið draga úr möguleikum skuldara til endurskipulagningar fjárhags síns og því hafa mjög varhugaverð þjóðfélagsleg áhrif, sem flutningsmenn virðast ekki hafa hugleitt.

Lögfesting reglna um upplýsingaskyldu kröfuhafa. Vel má fallast á það með flutningsmönnum að þörf sé á lögfestingu sérstakra reglna um upplýsingaskyldu kröfuhafa, einkum lánastofnana, við ábyrgðarmenn eða væntanlega ábyrgðarmenn, sérstaklega þegar um sjálfskuldarábyrgð er að tefla. Reglur þær sem frumvarpið gerir ráð fyrir ganga þó miklu lengra og eru líklegar til þess að valda almannahagsmunum miklu meira tjóni en þær eru ætlaðar til þess að afstýra hjá þeim einstaklingum, sem orðið gætu fyrir tjóni vegna óskynsamlegra ábyrgðarskuldbindinga. Hér verður ekki fjallað um það, hvort æskilegt sé að löggjafinn setji sífellt fleiri reglur sem fallnar eru til þess að minnka ábyrgð manna á sjálfum sér og gerðum sínum. Á hitt má aftur benda, að í Samkomulagi um notkun sjálfskuldarábyrgða, sem fyrr var vitnað til, og í löggjöf annarra

— — — — —
*Telja má og, að fram-
kvæmd slíkra reglna yrði
mjög erfið, ef ekki ómöguleg,
nema þá endaskipti
yrðu sömuleiðis höfð á
fullnusturéttarfarsreglum
héraendis.*
— — — — —

þjóða, m.a. Norðmanna, má finna reglur sem veitt gætu leiðbeiningu um reglur sem skynsamlegt gæti talist að lögfesta hér á landi. Lögfesting frumvarpsins, hvort sem er breytt eða lítillega breytt, er líklegt til þess að valda miklu og ófyrirsjáanlegu tjóni.

Lögmannafélag Íslands mælir eindregið gegn lögfestingu frumvarps til laga um ábyrgðarmenn á þingskjali 162.“

Frumvarp til laga um útlendinga

Frumvarpið ráðgerði samræmda heildarlöggjöf um málefni útlendinga. Í ítarlegri umsögn laganeftndar var bent mjög skýrt á, að í frumvarpinu fælist mjög veigamikilið framsal valds til ráðherra til setningar efnisreglna, sem virtist ekki í samræmi við ákvæði 2. mgr. 66. gr. stjórnarskrár þar sem segir að rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi, skuli skipað með lögum.

Niðurstaða nefndarinnar var eftirfarandi: „Það er mat Laganeftndar, að full þörf sé á heildarendurskoðun löggjafar um málefni útlendinga á Íslandi. Hins vegar telur Laganeftnd, að frumvarpið svari ekki þeirri þörf vegna margvíslegra annmarka, sem það er haldið. Áður en þetta frumvarp getur orðið að lögum er nauðsynlegt að gerðar verði á því mikilvægar lagfæringar bæði að því er varðar efnis- og formreglur. Þær lagfæringar, sem Laganeftnd leggur til, eru það miklar að vöxtum, að þær verða tæpast gerðar við þinglega meðferð þess. M.a. þyrfti að færa inn í frumvarpstextann margvíslegar efnisreglur, sem frumvarpið, eins og það er nú úr gærði gert, gerir ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji með reglugerð. Af þessum sökum getur Laganeftnd ekki mælt með lögfestingu frumvarpsins.“

Þegar þetta er ritað, er vorþing nýhafid og ekki vitað um afdrif frumvarpsins. Frumvarpið ber þess nokkur merki að vera samið af embættismönnum, sem telji borg-

urum hentast að lúta stjórn fjölspakra stjórnvalda, sem einungis stjórnir með það að markmiði að gæta hagsmuna borgaranna eftir reglum sem stjórnvöldin ákveði sjálf án tilstuðlunar löggjafarvaldsins. Slík sjónarmið virðast nokkuð úr samhengi við löggjafar- og réttindapróun undanfarinna ára.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti

Frumvarp þetta flutti viðskiptaráðherra og það varð að lögum á

lokadögum haustþings í desember, eftir nokkrar breytingar, þar á meðal ýmsar sem laganevnd lagði til.

Í umsögn laganevndar voru einkum lagðar til breytingar, sem gerðu ákvæði frumvarpsins til muna skýrari en upphaflega var. Átti þetta ekki sízt við um vísireglur í frumvarpinu, sem voru sumar svo óskýrar að lögfesting þeirra virtist litla eða enga þýðingu hafa. Hér verður þess ekki freistað að gera grein fyrir einstökum tillögum laganevndar, enda nánast ókleift nema þá að birta líka frumvarpstextann eins og hann var og

...er mikilvægt að umsagnir um lagafrumvörp berist löggjafanum frá stofnunum eins og Laganevnd Lögmannafélagsins, sem búa yfir sérþekkingu á lögum og lagaframkvæmd og eiga tiltölulega sjaldan sérstakra hagsmuna að gæta.

hvaða breytingar voru lagðar til í frumvarpinu. Hitt fór ekki á milli mála, að laganevnd taldi frumvarpið í heild vera til þess að fallið að bæta réttarumhverfið á þessu mikilvæga sviði.

Að lokum

Ákveðið mun hafa verið, að umsagnir laganevndar verði birtar á endurbættri heimasíðu Lögmannafélagsins. Þangað til hún birtist, geta þeir sem áhuga hafa, fengið umsagnirnar sendar frá skrifstofu félagsins í rafrænu formi, svo og upplýsingar um hvaða frumvörp félagið hefur fengið til umsagnar.

Frumvörp til laga eru víða send til umsagnar, flestir sem fá tillögur til umsagnar eru hagsmunaaðilar í einum eða öðrum skilningi. Ekki sízt af þeim ástæðum er mikilvægt að umsagnir um lagafrumvörp berist löggjafanum frá stofnunum eins og Laganevnd Lögmannafélagsins, sem búa yfir sérþekkingu á lögum og lagaframkvæmd og eiga tiltölulega sjaldan sérstakra hagsmuna að gæta. Fullyrða má, að umsagnir laganevndar séu all mikils virði fyrir löggjafann og Lögmannafélagið sinni þannig m.a. þeim tilgangi sínum að stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis.

Stálslegið öryggi

Öryggisskáparnir frá Rosengrens eru traust geymsla fyrir peninga, skjöl, tölvugögn og önnur verðmæti. Skáparnir sem eru í hæsta gæðaflokki fást í ýmsum stærðum og gerðum. Kynnið ykkur úrvalið.

BEDCO & MATHIESEN

YDDA/SIA

Bedco & Mathiesen ehf
Bæjarhrauni 10
Hafnarfirði
Sími 565 1000

Um námskeið og próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður

Með lögum nr. 77/1998 um lögmennt, er gildi tóku 1. janúar 1999, voru sem kunnugt er gerðar verulegar breytingar á skilyrðum þess að lögfræðingar gætu öðlast réttindi sem héraðsdómslögmennt. Fyrir utan almenn skilyrði, sem mælt er fyrir um í 1. – 3. tölul. 6. gr. laganna, verða umsækjendur um þessi réttindi að fullnægja tveimur skilyrðum til viðbótar, þ.e. að hafa lokið embættisprófi í lögfræði, sbr. 4. tölul., og að auki að hafa staðist sérstaka prófraun, sbr. 5. tölul.

Fyrirmæli um prófraunina er að finna í 7. gr. laganna, þar sem m.a. kemur fram að þriggja manna prófnefnd skuli annast framkvæmd hennar. Þar eiga nú sæti þær Ingvaldur Einarsdóttir, héraðsdómari, og Sif Konráðsdóttir, hæstaréttarlögmaður, auk undirritaðs sem er formaður nefndarinnar. Samkvæmt lagagreininni skal prófraunin vera bæði bókleg og verkleg og ná til þeirra greina, sem helst verða rækslu lögmannsstarfa, þar á meðal síðareglna lögmannna. Prófnefnd skal skipuleggja námskeið til undirbúnings prófrauninni, en í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur, skal kveðið á um nánari tilhögun námskeiðs og prófraunar. Í niðurlagi greinarinnar er síðan kveðið á um að þátttakendur skuli greiða kostnað við námskeið og eftirfarandi próf.

Í fyrravetur var í fyrsta skipti haldið námskeið fyrir þá sem hugðust þreyta próf til að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmennt á grundvelli laga nr. 77/1998. Þátttakendur voru alls 44 talsins og luku 42 þeirra prófrauninni með tilskildum árangri.

Tilhögun þessarar fyrstu prófraunar var ákveðin í reglugerð nr. 713/1999. Samkvæmt henni var

hinni bóklegu prófraun skipt í tvo hluta og að auki var gert ráð fyrir verklegri prófraun sem er fölginn í því að umsækjandi á að veita starfandi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni aðstoð við flutning eins máls fyrir héraðsdómi. Með því móti fá verðandi héraðsdómslögmennt nokkra innsýn í rekstur og flutnings raunverulegs máls fyrir dómi þótt aðstoð sem þessi jafnist að sjálfsögðu ekki á við það að flytja prófmál, eins og áður tíðkaðist, en til þess er því miður ekki heimild samkvæmt núgildandi lögum.

Í ljósi reynslunnar af prófrauninni í fyrra voru gerðar nokkrar breytingar á upphaflegu reglugerðinni

Í ljósi reynslunnar af prófrauninni í fyrra voru gerðar nokkrar breytingar á upphaflegu reglugerðinni og hún gefin út að nýju í haust sem reglugerð nr. 774/2000. Hinni bóklegu prófraun er sem fyrr skipt í tvo hluta, en skipting námsgreina milli hlutanna er hins vegar frábrugðin því sem áður var. Eftirtaldir greinar eru nú kenndar á fyrri hluta námskeiðs: (1) Réttindi og skyldur lögmannna, þ. á m. síðareglur lögmannna og þóknun fyrir lögmannsstörf. (2) Störf verjenda og réttargæslumanna. (3) Skiptastjórn og önnur störf lögmannna að fullnustugerðum. (4) Sönnun, þ.e. öflun sönnunargagna og sönnunarfærsla fyrir dómi. (5) Lögfræðileg skjalagerð. Á síðari hluta námskeiðs eru svo kenndar eftirtaldir greinar: (6) Málflytningur. (7) Önnur störf lögmannna en þau, sem að

framan eru talin, svo sem samningsgerð, ráðgjöf og meðferð stjórnslumála. (8) Rekstur lögmannsstofa, þ.m.t. varðveisla fjármuna á vörslufjárreikningum. Í tengslum við síðari hlutann fer að auki fram kynning á starfsemi Lögmannafélags Íslands og einstökum þáttum hennar.

Í fyrra voru tekin próf í öllum greinum nema þeirri síðastnefndu, þar sem fjallað er um rekstur lögmannsstofa. Þess í stað leystu þátttakendur af hendi verkefni sem tengdist viðfangsefninu. Í ár verður þessi háttur einnig hafður á við að kanna kunnáttu væntanlegra héraðsdómslögmannna í öðrum störfum lögmannsstörfum. Samkvæmt hinni nýju reglugerð verða þeir, sem prófraun þreyta, að leysa verkefni af hendi með fullnægjandi árangri að mati kennara, en því mati má skjóta til prófnefndar til endanlegrar ákvörðunar.

Samkvæmt reglugerðinni skulu próf ýmist vera munnleg eða skrifleg. Í fyrra voru fjögur prófanna munnleg, en þrjú skrifleg. Prófnefnd hefur nú ákveðið að öll prófin verði munnleg að þessu sinni nema próf í lögfræðilegri skjalagerð sem, eðli máls samkvæmt, verður skriflegt. Einkunnagjöf fyrir frammistöðu í munnlegum prófum verður á móti strangari en tíðkast hefur. Mat á frammistöðu á prófi er endanlegt, en það er í höndum hlutaðeigandi kennara og óháðs prófdómara sem ráðherra skipar.

Markmið kennslu á námskeiði til undirbúnings prófum er að búa þátttakendur undir og gera þá færari en ella til þess að takast á við margþætt störf lögmannna. Þannig eru flestir kennaranna starfandi lögmennt eða hafa lögmanns-

reynslu að baki. Jafnframt er nú lögð meiri áhersla á það en áður að gera þátttakendur á námskeiðinu virkari, t.d. með því að fá þá til að taka þátt í umræðum og leysa sjálfa úr raunhæfum verkefnum.

Á sama hátt og í fyrra er það Lögmannafélag Íslands sem annast framkvæmd námskeiðs og prófa í samráði við prófnefnd. Námskeiðin fara fram í húsnæði félagsins að Áltamýri 9 og er það, að ég held, samdóma álit allra, sem til þekkinga, að þar hafi mjög vel til tekist, þ. á m. skapast með þessu móti góð tengsl á milli hinna verðandi héraðsdómslögmannna og félagsins.

Aðsókn að því námskeiði, sem nú stendur yfir, er mjög góð. Þótt flestir þátttakendanna 38 hafi lokið embættisprófi á síðasta ári, eru þó nokkrir eldri lögfræðingar í þeirra hópi. Þessi góða þátttaka bendir til þess að stór hluti lögfræðinga muni sækjast eftir að fá réttindi til flutnings mála fyrir héraðsdómi og því er líklegt að námskeið og próf til að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmaður verði haldin á hverju ári þótt slíkt sé ekki skylt, lögum samkvæmt.

AÐFARARGERÐIR

eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara

Fæst hjá Bóksölu stúdenta og á skrifstofu L.M.F.Í.

— o 0 o —

Aðrar bækur útgefnar af Námssjóði L.M.F.Í.:

Dómar um bótaábyrgð hins opinbera 1920-1984

Dómar í félagarétti 1968-1988

Dómar í sjóréttarmálum 1965-1982

Dómar um veðréttindi 1920-1988

Dómar í skaðabótamálum 1979-1988

Dómar í skaðabótamálum 1973-1978

Dómar um almennt einkamálaréttarfar

Námssjóður Lögmannafélags Íslands

Groa@leiti.is

Kvennaatgervisflótti.

Blessuð. Hvernig er þetta með kollegurnar, endast þær bara ekkert?? Bara núna á þessu ári hafa í það minnsta tvær farið til ríkisins, María með skrítna ættarnafnið í ráðuneytið og Stríða Gríms farin að hrella Ólafsfirðinga. Ætli eiginmennirnir séu ekki nógu duglegir í húsverkunum þannig að löngu vinnudagararnir í lögmennskunni henti ekki??

Meira um sama.

Hæ aftur. Í framhaldi af því sem ég var að senda þér áðan, mér datt önnur skýring í hug. Er það bara ekki þannig að kallarnir í stéttinni sitja nánast einir að öllum fínu nefndarstarfabrauðmolunum sem hrynja af borðum valdamannanna. Það hefur alla

vega enginn boðið mér setu í ráðgjafa/(stjórn-sýslu)nefnd vegna niðurstöðu í dómsmáli – eins og þessari sem Djónni Stón og alnafni höfundar Nonna-og Mannabókanna sátu í.

*bliss
Gróa.*

Sorþlaðamenska.

Hæ. Alveg er það nú merkilegt hvað hægt er að vera að kjamsa á í fjölmiðlum t.d. þarna á netinu á Strikinu. Eins og það sé einhver þörf á því að slá því upp þó æðstu handhafar lögregluvalds missi glös á veitingahúsum, annað eins gerist nú til sjós eins og kallinn sagði, án þess að rokið sé með það í blöðin.

*Sí jú
Gróa.*

Sjálfstæði lögmanna og hlutabréf sem greiðsla fyrir lögmannsstörf

Á tímum mikillar fjölgunar fyrirtækja í nýjum greinum tækni og viðskipta hefur lögmönnum verið boðið að taka við greiðslum fyrir störf sín í formi hlutabréfa í því fyrirtæki sem störf in eru innt af hendi fyrir. Fyrirtækin eru ung, þau skortir e.t.v. reiðufé, en miklar væntingar eru bundnar við framtíðina og þ.a.l. hækkingu á gengi hlutabréfa. Það getur því verið beggja hagar að ganga svona frá málum og ekki neitt í lögum sem beinlínis bannar þennan viðskiptahátt.

Lögmenn, í Evrópu a.m.k., hafa þó talið að ástæða sé til að kanna hvort hér geti verið ástæða til að staldra við og meta hvort þörf sé á að takmarka svona „tengingu“ lögmanna við skjólstæðing sinn. Ástæðan er mikilvægi þeirrar meginreglu að lögmaður sé sjálfstæður og óháður í störfum sínum. Í þeirri meginreglu felst ekki eingöngu að lögmaður skuli vera óháður öðrum, heldur má hann ekki láta stjórnast af sínum persónulegu hagsmunum við rækslu lögmanna-starfa síns.

Það eru hagsmunir skjólstæðingsins sem gera meginregluna um sjálfstæði lögmanna svo mikilvæga sem raun ber vitni. Ef lögmaðurinn á að geta veitt bestu mögulega ráðgjöf og þjónustu, er nauðsynlegt að engin önnur sjónarmið skipti hann máli en hagsmunir skjólstæðingsins. Ef lögmaðurinn hefur á hinn bóginn sjálfur persónulegra hagsmuna að gæta kann það að hafa áhrif á hæfni hans til að leggja hlutlægt mat á það álitaefni sem fyrir liggur. Jafnframt getur sú staða komið upp að hagsmunir lögmanna sem hluthafa séu í andstöðu við hagsmuni skjólstæðingsins (félagsins), t.d. við ráðstöf-

un sem gæti hækkað gengi hlutabréfa í bráð en væri í lengd vafasöm m.t.t. reksturs félagsins.

Jafnframt getur sú staða komið upp að hagsmunir lögmanna sem hluthafa séu í andstöðu við hagsmuni skjólstæðingsins (félagsins)...

Ég minnst þess ekki að íslenskir lögmenn hafi velt spurningum af þessu tagi fyrir sér í ræðu eða á riti. Hins vegar skaðar ekki að hugsa þessi mál. Þess má t.d. geta að nýlega samþykkt norska lögmannafélagið verklagsreglur sem síðanefnd félagsins hafði samið í tilefni af því álitamáli sem að framan er lýst. Til fróðleiks (og e.t.v. til eftirbreytni) skulu hér tilfærð helstu atriðin úr verklagsreglum norskra:

- (a) Lögmaður má semja við skjólstæðing sinn um þóknun í formi hlutafjár, ef samningur er gerður eftir að þjónustan er veitt. Þetta á t.d. við ef í ljós kemur að félagið skortir fé til greiðslu reiknings sem þegar hefur verið gefinn út.
- (b) Óheimilt er að semja um greiðslu þóknunar í formi hlutafjár ef verkefni lögmanna kann að hafa áhrif á mat á virði félagsins.
- (c) Óheimilt er að semja um greiðslu í formi hlutafjár ef verkefni lögmanna er að mestu að gefa álit á tilteknum atriðum sem varða fyrirtækið sjálft. Til dæmis á þetta við í sambandi við „due diligence“

vinnu, skráningar- eða útboðslýsingar gagnvart væntanlegum fjárfestum/hluthöfum o.fl. í þeim dúr. Mikilvægt er að hæggt sé að treysta því að lögmaður vinni slík störf af ákveðinni hlutlægni og að ekki sé hæggt að líta svo á að hans eigin hagsmunir „liti“ niðurstöðu mats, sem út á við er gefið af hlutlægni.

- (d) Í öðrum tilvikum ber lögmanni almennt að hafna tilboði um greiðslu þóknunar í formi hlutabréfa. Undantekningu má þó gera þegar greiðsla er innt af hendi vegna „rúfínu“ verkefna á borð við stofnun félags, gerð samþykkt eða einfalda skjalagerð af öðru tagi.
- (e) Hafi lögmaður tekið á móti hlutabréfum sem greiðslu fyrir vinnu, kann hlutafjäreignin að hafa þýðingu fyrir samskipti lögmanna við þennan skjólstæðing sinn í framtíðinni. Þetta skiptir því máli við mat á því hvaða verkefni hann getur með réttu tekið að sér í framtíðinni fyrir félagið. Ef um verulega eign er að ræða, og verkefnið getur hugsanlega haft veruleg áhrif fyrir efnahag félagsins, hefur lögmaðurinn sjálfur hagsmuna að gæta af verkefninu, sem telst vera óheppileg og óeðlileg staða.

Ekki skal efast um að íslenskir lögmenn hafa svipuð sjónarmið í huga og að framan greinir þegar teknar eru ákvarðanir um það hvort „tengjast“ eigi skjólstæðingi með því að eignast hlut í félagi. Annað tengt álitaefni er seta lögmanna í félagsstjórnnum skjólstæðinga sinna. Um það mætti skrifa aðra grein.

Fréttir frá félagsdeild

Félagsdeildin tveggja ára

Rúmt ár er frá því undirrituð hóf störf hjá Lögmannafélaginu við sérstaka deild innan félagsins "félagsdeild" en reglur um deildina voru samþykktir 1. janúar árið 1999. Eftir að ljóst var að stofna yrði félagsdeild til þess að halda uppi fræðslustarfi, útgáfustarfi, bókasafni og ýmiskonar þjónustu við lögmennt var öllum lögmonnum innan félagsins boðið að gerast aðilar að félagsdeild gegn sérstöku árgjaldi sem í upphafi var kr. 12.000.- Á síðasta aðalfundi félagsdeildar í mars árið 2000 var samþykkt að lækka árgjald til deildarinnar í kr. 8.000.- Tekjur deildarinnar eru einungis árgjöld lögmannt og lögfræðinga sem eru í deildinni en í dag eru þeir 363 talsins, þar af 3 lögfræðingar. Nýir félagar í félagsdeild greiða ekki árgjald á því ári sem þeir gerast félagsmenn og félagar eldri en 70 ára greiða ekki árgjald til félagsdeildar. Þegar skipting lögmannt í félagsdeild er skoðuð út frá rekstrarformi, kemur í ljós að meginþorri sjálfstætt starfandi lögmannt eru aðilar að deildinni en lögmennt hjá stofnunum og fyrirtækjum hafa síður gerst félagar.

Í reglum um félagsdeild er öllum sem lokið hafa embættisprófi í lögum heimilt að vera í félagsdeild og hafa þrjár nýtt sér aðild þó deildin hafi ekki verið auglýst sérstaklega hjá lögfræðingum enn sem komið er.

Eitt af verkefnum félagsdeildar er þjónusta við lögmennt á heimasíðu félagsins t.d. í formi þjónustuskjár sem verður birt á heimasíðunni fyrir almenning og fyrirtæki sem þurfa á lögmanni að halda. Ef vel tekst til mun deildin væntanlega geta haft tekjur af þjónustuskjárni og þannig styrkt stöðu sína. Eins og áður hefur verið fjallað um er smíði nýrrar heimasíðu



Jóna K. Kristinsdóttir

félagsins á lokastigi og liggur nú fyrir endanleg afgangur á þjónustuskrá lögmannt.

Námferð til London 1. – 4. mars 2001

Í nóvember á síðasta ári ákvað félagsdeild í samstarfi við fræðslunefnd félagsins að efna til námsferðar árið 2001. Félagið hefur farið í nokkrar ferðir frá árinu 1982 en síðast var farið til Strassborgar árið 1999. Að þessu sinni var ákveðið að heimsækja London en félagið fór síðast til London árið 1984. Dagskrá ferðarinnar var sett saman í grófum dráttum og var fljótlega haft samband við The Law Society um aðstoð við bókanir í dómstóla og fleira. Alls hafa 43 aðilar skráð sig í ferðina; 32 lögmennt, 10 makar og undirrituð. Ákveðið var að verja tveimur fyrstu dögum til heimsóknar en laugardag og sunnudag geta þátttakendur varið tíma sínum að vild. Fimmtudaginn 1. mars verður Gerðardómstóllinn í London heimsóttur „Court of International Arbitration“. Um kvöldið munu Þorsteinn Pálsson sendiherra og frú Ingibjörg Rafnar taka á móti þátttakendum í sendiráði Íslands í London. Á föstudeginum heimsækja lögmennt sakamáladómstólinn „The Old Bailey“. Ákveðið var að heimsækja lögmannsstofu í London og hafði félagsdeildin samband við Clifford Chance eina

stærstu lögmannsstofu í heimi en stofan hefur yfir að ráða rúmlega 300 lögfræðingum í 30 borgum í þremur heimshlutum. Clifford Chance mun taka á móti hópnum í hádeginu þann 2. mars þar sem boðið verður upp á fyrirlesturinn „Challenges of a Global Law firm“. Að því loknu mun The Law Society kynna félagið og bjóða til móttöku.

Árshátíð

Árshátíð Lögmannafélags Íslands verður haldin laugardaginn 17. mars næstkomandi á Grand Hotel. Að þessu sinni er skemmtinefndin fjölmennari en verið hefur en í nefndinni sitja 10 lögmennt auk undirritaðrar. Formaður skemmtinefndar er Ragnar Tómas Árnason, hdl. en aðrir nefndarmenn eru : Eva B. Helgadóttir, hdl., Halldór H. Backman, hdl., Óðinn Elísson, hdl., Ólafur Eiríksson, hdl., Ólafur Haraldsson, hdl., Svala Thorlacius, hrl., Sveinn Jónatansson, hdl., Tómas Jónsson, hrl. og Vala Valtýsdóttir hdl. Skemmtinefndin ákvað að breyta um stað og hljómsveit og var hljómsveitin Geirfuglarnir ráðin til að spila. Er hljómsveitin þekkt fyrir hressa framkomu og lagaval við allra hæfi. Heimateiti og skemmiatriði lögmannsstofu verða á sínum stað. Eru allir lögmennt og fulltrúar þeirra hvattir til að mæta og haldi uppi fjöri eins og lögmonnum einum er lagið. Sérstakt tilboð er að þessu sinni fyrir lögmennt sem öðluðust hdl. réttindin árið 2000 og þeir eru sérstaklega boðnir velkomnir í hópinn.

Námskeið

Á vorönn eru fjölbreytt námskeið í boði fyrir lögmennt og starfsmenn á lögmannsstofum. Í byrjun janúar sendi félagsdeildin út námskrá til allra lögmannt og eru lögmennt

beðnir um að koma upplýsingum um námskeið fyrir starfsmenn á framfæri við starfsmenn sína. Alls eru 10 námskeið í boði fyrir lögmennta vegum Endurmenntunarsstofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við Lögfræðingafélag Íslands og Dómarafélag Íslands. eru námskeiðin fjölbreytt og við flestra hæfi. Auk þess býður félagsdeild LMFÍ upp á fjórða námskeiðið um áfrýjun og flutning einkamáls fyrir Hæstarétti en þau Guðrún Erlendsdóttir, hæstaréttardómari og Ragnar Aðalsteinsson hrl. hafa haft umsjón með námskeiðinu. Fjöldmörg námskeið fyrir starfsmenn standa til boða á vorönn. Má nefna tvö ný námskeið; Lagaenska/viðskiptaenska þar sem Erlendína Kristjánsón, lögfræðingur frá Suður Afríku og BA í ensku frá Háskóla Íslands mun fara í ýmis atriði í ensku lagamáli. Boðið er upp á námskeið í ágrípsgerð en það er nýtt námskeið. Leiðbeinendur eru vanir ágrípsgerð og mun fulltrúi frá Hæstarétti Íslands einnig koma að námskeiðinu og kynna reglur sem gilda um ágríp.

Bókasafn

Félagið hefur fest kaup á nýju skráningakerfi fyrir bókasafn félagsins „Metrabók“ en bækur bókasafns hafa verið skráðar í Gegni skráningarkerfi Landsbókasafns Íslands. Með tilkomu þessa nýja kerfis er einfalt að fletta upp í bókaskrá og finna bækur eftir einstaka höfundum um einstök efni og svo framvegis. Mesta nýbreytnin verður þó vefútgáfa kerfisins en allri lögmenn í félagsdeild munu geta opnað Metrabók á vefnum og þannig skoðað frá sinni eigin vinnustöð hvaða bækur, tímarit eða dómasöfn eru til í bókasafni félagsins. Við það sparast tími lögmanna og gefur lögmönnum betri yfirsýn yfir bókakostinn. Til stendur að endurbæta tölvukost bókasafnsins á árinu og setja upp aðgang að interneti. Hægt er að skoða útlit bókasafnskerfisins á heimasíðu Metrabókar: www.metrabok.is.

„Þér undrist málshraðann“

Talsvert mörg mál koma til kasta Mannréttindadómstóls Evrópu, sem varða ákvæði 6. gr. MSE um hæfilegan tíma á málsmeðferð í einkamálum og sakamálum. Upplýsingar um „málshraðann“ í öðrum aðildarríkjum Evrópuráðsins eru framandi fyrir íslenska lögfræðinga, a.m.k. þá sem yngri eru.

Í nýlegum dómi (Arbore gegn Ítalíu – mál 41840/98) var fjallað um málsmeðferðartíma fyrir „Audit Court“ á Ítalíu. Málaferlin hófust á því dómstigi árið 1971 og var enn ólokið árið 1999, eða 28 árum síðar. Tæpast kemur á óvart að Mannréttindadómstólinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið á réttindum kæranda. Dæmdar voru 30.000.000 lírur í bætur auk málskostnaðar. Svo mega íslenskir dómarar ekki einu sinni fara í sumarfrí!

Endurbætt kennsluástaða

Strax í byrjun árs hófst annað námskeið um öflun héraðsdómsréttinda. Að því tilefni voru keyptir nýir stólar með áföstum borðum.



Myndir frá morgunverðafundi fimmtudaginn 25. janúar 2001.

Öryrkjabandalagsdómurinn – Hver er kjarni málsins?

Framsögumenn voru þeir Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl. og Ragnar Aðalsteinsson, hrl.



Afleiðusamningar

Inngangur

Eins og alkunna er hefur fjármála-markaður þróast hratt hér á Íslandi á síðustu árum, eftir að hafa verið um margt óþroskaður og ófullkominn. Hefur sú þróun m.a. leitt til þess að innan fjármálamarkaðarins hafa rutt sér til rúms ýmsar nýjar og oft flóknar aðferðir við samningsgerð og nýjar tegundir samninga, sem áður voru framandi eða a.m.k. lítt þekktir hérlandis. Má þar nefna svokallaða afleiðusamninga (e. derivatives), en óhætt er að fullyrða að umfang og fjöldi slíkra samninga hafi aukist verulega undanfarin misseri.

Ekki er víst að lögmenn eða lögfræðingar þekki almennt þessar tegundir samninga, enda um margt sérhæfðir og nýlunda í íslensku viðskiptalífi. Í þessari grein verður leitast við að útskýra með almennum hætti hugtakið afleiðusamninga og gera í stuttu máli grein fyrir helstu tegundum þess. Umfjöllun sú sem hér fer á eftir er eingöngu til að kynna helstu einkenni og einstakar tegundir afleiðusamninga. Ítarlegri umfjöllun verður að bíða betri tíma.

Hvað eru afleiðusamningar?

Ekki er að finna á Íslandi nein heildarlög um afleiðusamninga, en hins vegar er að finna í einstökum lögum sem sett hafa verið á síðustu árum ýmis brotakennd ákvæði um slíka samninga. Má þar nefna lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris-sjóða og lög nr. 10/1993 um verðbréfasjóði, þar sem í báðum tilfellum er kveðið á um takmarkanir á heimildum slíkra sjóða til að gera afleiðusamninga eða einstakar tegundir afleiðusamninga.

Hugtakið afleiðusamningur var fyrst skilgreint sem slíkt í íslenskrri

löggjöf með lögum nr. 99/2000 um breytingu á lögum nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti (vvl.), en með þeirri breytingu voru einnig lögfest sérstök ákvæði um samningsbundin uppgjör afleiðusamninga, sem nú eru í V. kafla laganna. Í 2. gr. vvl. er hugtakið afleiðusamningar skilgreint svo: „Samningur þar sem uppgjörsákvæði byggist á breytingu einhvers þáttar, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfavorðs, verðbréfavísitölu eða hrávöruverðs. Andvirði slíks samnings er háð breytingu þessara viðmiðunarþátta á tilteknu tímabili.“

Eru afleiðusamningar einmitt alræmdir vegna áhættunnar, sem í raun getur verið óendanleg í einstökum tilvikum.

Má annars segja að hugtakið afleiðusamningur sé samheiti yfir þær fjárhagslegar aðgerðir sem leiða af sér verðmæti frá undirliggjandi eign (andlagi samningsins). Afleiðusamningar skiptast síðan eftir einstökum tegundum þeirra í:

- 1) valréttarsamninga (e. option),
- 2) framvirka samninga (e. futures eða forwards) og
- 3) skiptasamninga (e. swaps). Verður nánar fjallað um hverja tegund þessara samninga hér á eftir.

Meginástæður þess að menn gera afleiðusamninga er öðrum þræði sú að þeir eru að takmarka áhættu sína, eru að reyna að baktryggja sig (hedge) fyrir breytingum, hvort sem er á verði hrávöru, vöxtum, vísitölu, gengi gjaldmiðla

eða gengi hlutabréfa. Menn gangast einnig undir afleiðusamninga í því skyni að taka með því áhættu, þ.e. með hreinni spákaupmennsku (speculation). Með því móti er unnt að hagnast stórum en á móti kemur að tekin er mikil áhætta. Má segja að kjarni afleiðusamninga sé sá að áhætta af verðsveiflum hinna undirliggjandi verðmæta er yfirfærð frá einum aðila til annars, þ.e. frá þeim sem er að takmarka áhættu sína (the hedger) til þess sem tekur áhættuna, spákaupmannsins (the speculator). Eru afleiðusamningar einmitt alræmdir vegna áhættunnar, sem í raun getur verið óendanleg í einstökum tilvikum.

Markaðir með afleiðuvíðskipti

Unnt er að versla með afleiðusamninga á skipulegum markaði. Þannig er víða um heim verslað með afleiðusamninga sem skráðir eru í kauphöllum. Eru slíkir samningar ávallt að meira eða minna leyti staðlaðir að því er varðar hin undirliggjandi verðmæti, gengi þeirra og gildistíma samninga.[1] Er þá ekki unnt að gera samninga sem taka mið af öðru valréttargengi eða með lengri eða skemmri gildistíma en boðið er upp á skipulegum markaði.

Afleiðusamningar eru einnig gerðir utan kauphalla, þ.e. án þess að slíkir samningar séu skráðir í kauphöll. Er þá sagt að viðskiptin eigi sér stað „over-the-counter (OTC)“, eða á „gráa markaðnum“, eins og það hefur verið nefnt hérlandis. Heppilegra væri þó að segja að viðskiptin hafi þá átt sér stað utanþings eða utan kauphallar, enda í raun ekkert óeðlilegt eða vafasamt við það að eiga slík viðskipti, líkt og tilvísun í „gráan markað“ gefur tilefni til. Afleiðusamningar sem gerðir eru utan

kauphalla eru ekki staðlaðir, og þannig algerlega sniðnir að þörfum samningsaðila. Vegna þessa er fátútt að slíkir samningar fari á eftirmarkað, líkt og afleiðusamningar sem skráðir eru í kauphöllum. Afleiðusamningar eru ekki skráðir í kauphöllum hér á landi (þ.e. á Verðbréfaþingi Íslands hf.). Þannig eru í raun allir afleiðusamningar sem gerðir eru hérlandis utanþingsamningar, þ.e. viðskipti með þá eiga sér stað á hinum „gráa markaði“, og er a.m.k. annar samningsaðili þá oftast banki, sparisjóður eða annars konar lánastofnun. Þessir sömu aðilar miðla einnig til íslenskra aðila afleiðum sem skráðar eru í kauphöllum erlendis.

Einstakar gerðir afleiðusamninga

Líkt og áður segir er afleiðusamningum skipt upp í valréttarsamninga, framvirka samninga og skiptasamninga eftir einkennum þeirra.

Valréttarsamningar (e. options)

Valréttarsamningur er skilgreindur svo í 19. tl. 2. gr. vvl.: „Afleiðusamningur sem veitir öðrum samningsaðila, kaupanda, rétt en ekki skyldu til að kaupa (kaupréttur) eða selja (söluréttur) tiltekna eign (andlag samnings) á fyrir fram ákveðnu verði (valréttargengi) á tilteknu tímabili eða innan tiltekins tíma. Sem endurgjald fyrir þennan rétt fær hinn samningsaðilinn, útgefandinn, ákveðið gjald sem segir til um markaðsvirði valréttar við upphaf samningstímans.“

Aðilar valréttarsamnings eru samkvæmt þessu tveir, annars vegar kaupandi og hins vegar útgefandi. Afleiðusamningur þessi veitir kaupanda rétt til að kaupa eða selja tiltekna eign miðað við fyrirfram ákveðið gengi á nánar tilgreindum tíma eða innan tiltekins tíma. Fyrir þennan rétt greiðir kaupandi útgefanda fastákveðið endurgjald, sem tekur mið af ýmsum þáttum, m.a. markaðsgengi og

valréttargengi hinnar undirliggjandi eignar, tímabili valréttarsamnings og líklegum verðbreytingum hinna undirliggjandi verðmæta.

Við gerð valréttarsamnings flyst áhætta vegna hugsanlegra verðbreytinga undirliggjandi verðmæta frá kaupanda til útgefanda, þar sem kaupandi á ekki á hættu að tapa neinu nema endurgjaldinu, en áhætta útgefanda (þess sem selur valrétt) ótakmörkuð.

Sem gagngreiðslu fyrir endurgjaldið lofar útgefandi að efna sínar skyldur skv. samningnum, en skyldur hans eru að sjálfsgöðu mismunandi eftir því hvort um kaup- eða sölurétt er að ræða. Þá er og misjafnt hversu lengi skyldur hans vara og hvort þær séu bundnar við ákveðinn tíma eða tiltekið tímabil. Fer það m.a. eftir því hvers eðlis valréttarsamningur er, en þeir eru oftast annað hvort það sem kallast amerískur valréttur (American style option), þ.e. valréttur sem veitir kaupanda rétt til að neyta réttar sín hvenær sem er eftir að kaupréttur hefur verið keyptur, frá samningsdegi til lokadags, eða það sem kallast evrópskur valréttur (European style option), þ.e. valréttur sem veitir kaupanda eingöngu heimild til að neyta réttar sín á nákvæmlega tilgreindum lokadegi.

Dæmi um valréttarsamning um hlutabréf í félagi: Kaupandi kaupir kauprétt á 100.000 hlutum til nákvæmlega 6 mánaða í félaginu X, miðað við valréttargengið 25. Sem endurgjald fyrir samninginn greiðir kaupandi til útgefanda kr. 500.000. Á lokadegi samnings (eftir 6 mánuði) er gengið 40. Þá verður útgefandi að afhenda 4.000.000 kr. eign (100.000 x 40) fyrir kr. 2.500.000 (100.000 x 25) gagnjald. Hagnaður kaupanda af valréttarsamningnum er þá kr. 1.000.000, ef við miðum við að endurgjald til útgefanda fyrir samninginn hafi verið kr. 500.000 og það síðan dregið frá við uppgjör. Tap útgefanda er að sama skapi kr. 1.000.000.

Ef við gefum okkur að á lokadegi samningsins hafi markaðsgengi umræddra hlutabréfa verið

15 þá hefði kaupandi að sjálfsgöðu ekki nýtt sér kaupréttinn og um leið glatað endurgjaldinu að fjárhæð kr. 500.000, sem útgefandi hefði fengið í sinn hlut. Hann getur hins vegar ekki tapað hærri fjárhæð en sem því nemur þegar áhætta útgefanda er á hinn bóginn fræðilega séð óendanleg, þar sem engin takmörk eru fyrir því hversu hátt markaðsgengi hinna undirliggjandi verðmæta getur orðið.

Kaupandi getur einnig keypt sölurétt. Þannig má ímynda sér að kaupandi hafi keypt sölurétt til 6 mánaða á 100.000 hlutum í félaginu Y miðað valréttargengið 25, þar sem hann gerir ráð fyrir lækkun bréfanna. Sem endurgjald fyrir söluréttinn greiðir hann kr. 200.000. Á lokadegi samningsins er markaðsgengi bréfanna 20. Þá verður útgefandi að kaupa 2.000.000 kr. eign (200.000 x 25) fyrir kr. 2.500.000. Hagnaður kaupanda af valréttarsamningnum er þá kr. 300.000, þegar dregið hefur verið frá 200.000 kr. endurgjald, sem við miðum við að hafi verið greitt til útgefanda fyrir samninginn.

Valréttarsamninga er að sjálfsgöðu unnt að gera um annars konar verðmæti heldur en hlutabréf, og má þar nefna gengi gjaldmiðla, skuldabréf og hrávörur ýmiss konar, að því gefnu að þær hafi breytilegt verð á markaði.

Framvirkir samningar (e. futures eða forwards)

Framvirkur samningur er skilgreindur svo í 20. tl. 2. gr. vvl.: „Afleiðusamningur sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrir fram ákveðnum tíma.“

Þá eru framvirkir vaxtaskiptasamningar skilgreindir sérstaklega svo í 18. tl. 2. gr. s.l.: „Afleiðusamningur sem kveður á um vaxtaviðmiðun á ákveðnu tímabili og reiknast vextir af fyrir fram ákveðinni grunnfjárhæð sem ekki kemur til greiðslu. Samningurinn eru gerður upp á fyrir fram ákveðnum uppgjörstími.“

Það sem fyrst og fremst skilur að valréttarsamninga og framvirka samninga er að kaupandi valréttarsamnings á rétt á en ekki skyldu til að kaupa hin undirliggjandi verðmæti á fyrirfram ákveðnum tíma og ganga til uppgjörs þar um þegar þeim sem gert hefur framvirkan samning ber þvert á móti skylda til þess.

Framvirkir samningar kallast á alþjóðlegum fjármálamörkuðum annað hvort „futures“ eða „forwards“. Fer það þá eftir því hvort verslað er með samningana í kauphöllum eða ekki, þannig er verslað með „futures“ í kauphöllum en „forwards“ utan þeirra, og þ.a.l. „over-the-counter (OTC)“. Þar sem framvirkir samningar sem útbúnir eru hér á landi fara ekki fram í gegnum kauphöll teljast þeir til „forwards“^[2].

Líkt og við gerð afleiðusamninga almennt er tilgangur með gerð framvirkra samninga öðrum þræði að tryggja eða baktryggja aðila fyrir verðsveiflum hinna undirliggjandi verðmæta. Sá sem baktryggir sig fyrir verðsveiflum glatar að sama skapi möguleikum á hagnaði vegna þessa, sem færast þá yfir til þess sem gerir við hann framvirkan samninga, þ.e. spákaupmannsins.

Allt fram til ársins 1972 þekktust ekki framvirkir samningar með annað en hefðbundnar landbúnaðararafurðir, matvæli og hrávörur. Fram til þess tíma voru því eingöngu gerðir framvirkir samningar um olíu, kaffi, sykur, fiskafurðir, gull o.s.frv. Tíðkast slíkir samningar enn þann dag í dag. Eftirfarandi er dæmi um framvirkan samning um hrávöru (olíu): Fyrir liggur að fyrirtæki (F) þarf nauðsynlega á umtalsverðri olíu að halda eftir 6 mánuði til þess halda atvinnurekstri sínum gangandi. Það liggur einnig fyrir að til þess að rekstur F fari ekki í þrot má olíuverð þá ekki vera hærra en sem nemur \$30 á tunnu. Til þess að baktryggja sig og tryggja að rekstraráætlanir gangi eftir getur F gert framvirkan samning, hvort sem er hjá erlendri

kauphöll eða utan kauphalla, t.d. við fjármálastofnun eða aðra hér á landi. Slíkur samningur myndi í grunnatriðum hljóða á um skyldu F til að kaupa nauðsynlegt magn olíu fyrir \$30 á tunnu á nánar tilgreindum tíma, en að sama skapi myndi gagnaðili lofa að afhenda umrædd verðmæti. Ef markaðsverð hækkar, t.d. um \$5 tunnan, „hagnast“ F sem því nemur, en ef verðið lækkar þá „tapar“ F sem nemur lækkuninni. Er reyndar ekki rétt að ræða um hagnað eða tap hvað þetta varðar þar sem kjarni málsins er að F fær olíu fyrir það verð sem það fyrirsjáanlega ræður við að greiða og gert var ráð fyrir í rekstraráætlunum. Viðsemjandi F mun hins vegar taka á sig eða njóta mismunar á markaðsverði og því verði sem lagt var til grundvallar.

Framvirkir samningar eru nú einnig gerðir um fjárhagslegar hreyfingar, þ.e. gengi hlutabréfa, vexti og gengi gjaldmiðla. Eftirfarandi er dæmi um framvirkan samning um gengi gjaldmiðla: Íslenskt fyrirtæki (S) seldi fisk til Þýskalands fyrir eina milljón evra í janúar 1999 sem greiða átti fyrir í september s.l. Gefum okkur að S hafi þurft að fá kr. 80 milljónir fyrir fiskinn til að reksturinn, sem allur fer fram hér á landi, skili ásættanlegum arði. Til þess að tryggja það hefði S getað gert framvirkan samning við innlenda eða erlenda fjármálastofnun um að kaupa 80 milljónir króna fyrir eina milljón evra á gjalddaga og með því takmarkað verulega rekstraráhættu sína. Gengi evru gagnvart krónu var u.þ.b. 70 kr. í september s.l. og því hefði S „hagnast“ um nálega tíu milljónir króna á þessari ráðstöfun sinni. Ef gengi evru hefði hins vegar verið yfir 80 kr. á umræddu tímamarki, hefði S „tapað“ á afleiðusamningnum. Það sem hins vegar máli skiptir fyrir fyrirtækið er að S fékk það verð fyrir vöruna sem það þurfti til að rekstraráætlanir stæðust.

Framvirk viðskipti geta með sama hætti verið gerð um vexti eða gengi einstakra hlutabréfa eða hlutabréfavisitölu.

Skiptasamningar (e. swaps)

Ólíkt valréttarsamningum og framvirkum samningum eru skiptasamningar sem slíkir ekki skilgreindir sérstaklega í lögum um verðbréfavíðskipti. Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningur er hins vegar skilgreindur svo í 21. tl. 2. gr. vvl.: „Afleiðusamningur sem kveður á um að samningsaðilar greiði vexti hvor til annars af tiltekinni viðmiðunarfrjárhæð í sama gjaldmiðli eða greiði vexti og höfuðstól hvor til annars hvor í sínum gjaldmiðli á samningstímanum.“

Þannig eru skiptasamningar um verðbréf, t.d. hlutabréf, ekki skilgreindir, þrátt fyrir að gerð slíkra samninga sé nokkuð algeng hérlandis. Skiptasamning sem slíkan má annars skilgreina sem svo að það sé samningur á milli tveggja aðila (samningsaðila) sem skipta á reglubundnum greiðslum, ákveðnum gengisviðmiðunum eða öðrum verðmætum, hvort sem um er að ræða vaxtagreiðslur eða greiðslur sem taka mið af gengi gjaldmiðla, gengi hlutabréfa eða annars konar ákveðinni gengisviðmiðunum.

Sem dæmi um vaxtaskiptasamning má nefna samning þar sem aðilar skipta á annars vegar láni með breytilegum vöxtum og hins vegar láni með föstum vöxtum. Má ímynda sér að fyrirtækin A og B hafa náð sér í 100 milljóna kr. fjármögnun hvort. A með því að gefa út skuldabréf með 13% föstum vöxtum, en B með bankaláni, sem ber REIBOR vexti +2%. Þrátt fyrir það getur verið svo að það henti B betur að greiða fasta vexti og A að greiða breytilega vexti. Geta aðilar þá gert með sér vaxtaskiptasamning þar sem A skuldbindur sig til að greiða til B á greiðsludögum vaxta REIBOR vexti + 2% og B skuldbindur sig á móti til að greiða A 13% fasta vexti. A og B munu síðan nota umræddar greiðslur til að standa skil gagnvart sínum kröfuhöfum.

Þar sem eingöngu er um að ræða greiðslu vaxta af höfuðstól

en höfuðstólsgreiðslan stendur óhöggud þarf skuldaáhætta aðila vegna slíkra samninga ekki að vera svo mikil.

Þá hefur tíðkast að gerðir hafa verið skiptasamningar um hlutabréf þar sem skipt er á fyrirfram ákveðnum degi á hlutabréfum og láni sem tekið hefur verið vegna hlutabréfakaupa (debt for equity).

Eftirfarandi er dæmi um slíkan skiptasamning: A og B gera með sér samning um að hinn fyrrgreindi kaupir hlutabréf í félaginu C miðað við markaðsgengi sem þá er \$50 á hlut. A greiðir ekkert fyrir hlutabréfin en gerir skiptasamning við B til 6 mánaða um kaup á 1.000 hlutum í félaginu. Viðmiðunarfjárhæðin er samkvæmt því \$50.000. B tekur lán til að kaupa bréfin sem A hefur gert samning um að kaupa og ber það lán að sjálfsögðu vexti. Heldur hann bréfunum einnig sem tryggingu fyrir efdum af hálfu A þegar kemur að uppgjöri. Að 6

mánuðum liðnum er síðan skipt á bréfunum og láni sem tekið var fyrir kaupum á þeim, þannig að A fær umrædda hluti í félaginu C en tekur við láninu á móti. Ef við gefum okkur að gengi bréfanna á uppgjorsdegi sé \$10 á hlut, fær A í sinn hlut hlutabréf að markaðsvirði \$10.000 en tekur á móti við láni að fjárhæð \$50.000, auk vaxta og eftir atvikum þóknunar til B. Niðurstaðan er því sú að hann hefur tapað yfir \$40.000 á skiptasamningnum.

Rétt er að leggja á það áherslu að uppgjör greiðslna vegna afleiðusamninga, hvort sem um er að ræða skiptasamninga, valréttarsamninga eða framvirka samninga, fer almennt þannig fram að greiðslur eru jafnaðar út og eingöngu greiddur mismunur á skuldbindingum aðila. Fer uppgjör því ekki þannig fram að hvor aðili gjaldi gagngreiðslu sína, heldur er eingöngu gerður upp sá mismunur sem leiða má af hinum undirliggjandi verðmætum, hver svo sem

þau eru. Er mjög mikilvægt fyrir aðila að tryggja með samningum að afleiðusamningar taki eingöngu til slíkrar jaðargreiðslu til að takmarka skuldaáhættu.

Samningsbundið uppgjör afleiðusamninga er skilgreint svo í 22. t. l. 2. gr. vvl.: „Samningur á milli tveggja eða fleiri aðila sem eiga kröfu hvor á annan um að í stað þess að gera upp hverja kröfu fyrir sig sérstaklega skuli láta kröfurnar jafnast hverja á móti annarri og aðeins mismunurinn (jaðargreiðslan) komi til greiðslu.“ Rúmsins vegna er ekki unnt að fjalla sérstaklega um samningsbundið uppgjör afleiðusamninga, sem er einn mikilvægast þátturinn sem tengist þessari samningstegund. Bíður sú umfjöllun betri tíma en með lögum nr. 99/2000 voru lögfest sérákvæði um uppgjör afleiðusamninga sem veita samningsaðilum að vissu marki forgangsrétt gagnvart öðrum kröfuhöfum við gjaldþrot og raska að vissu marki jafnræði aðila við gjaldþrotaskipti.

Stjórn LMFÍ hefur samþykkt eftirfarandi verklagsreglur í tengslum við vanskil á fjárvörslufirlýsingum og innheimtu gjaldfallinna árgjalda:

Verklagsreglur vegna vanskila á fjárvörslufirlýsingum

Hafi félagsmaður í Lögmannafélagi Íslands ekki skilað fjárvörslufirlýsingu til félagsins á þar til gerðu eyðublaði, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, fyrir 1. september ár hvert, skal honum send ítrekun. Borist félaginu ekki yfirlýsing innan mánaðar frá útsendingu ítrekunarbréfsins, skal hlutaðeigandi send lokaadvörun, þar sem honum er veittur tveggja vikna frestur til að skila inn fullnægjandi gögnum. Hafi slík gögn ekki borist innan gefins lokafrests, skal trúnaðarendurskoðanda félagsins falið að kanna stöðu fjárvörslureiknings í banka þann 31. desember á umliðnu ári.

Verklagsreglur vegna innheimtu gjaldfallinna árgjalda

Hafi félagsmaður í Lögmannafélagi Íslands ekki gengið frá greiðslu árgjalds til félagsins innan þriggja mánaða frá hvorum gjalddegi um sig, skal honum send ítrekun. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá útsendingu ítrekunarbréfs, skal lokaadvörun send út, þar sem hlutaðeigandi er veittur 15 daga frestur til að ganga frá greiðslu skuldarinnar. Hafi greiðsla ekki borist félaginu innan gefins lokafrests, skal lögmanni falið að innheimta skuldina.

[1] Sem dæmi má nefna að Amex (American Stock Exchange) hóf þann 8. febrúar s.l. að bjóða upp á valréttarsamninga með hlutabréf í deCODE Genetics, miðað við valréttargengið 5, 7,5 og 10 og gildistíma fram í mars, apríl, júlí og október 2001.

[2] Hins vegar miðla hérlandar fjármálastofnanir með „futures“ sem skráðar eru í erlendum kauphöllum.

Frá ritstjóra og ritnefnd:

Aðsendar greinar

Félagsmenn eru hvattir til að rita í blaðið greinar, langar eða stuttar, um hugðarefni sín er tengjast störfum lögmannna. Til að auðvelda vinnslu blaðsins væri æskilegt að aðsendar greinar kæmu bæði prentuðu formi og á tölvudiskum, t.d. í Word eða Word-Perfect ritvinnsluformi. Þá þarf helst ljósmynd af greinarhöfundi að fylgja.

Fyrirlestrar um evrópskan félaga- og skattarétt á vegum lagadeildar HÍ, Lögmannafélags Íslands, Lögfræðingafélags Íslands og Félags lögfræðinga í fjármálafyrirtækjum

I lok mars kemur til landsins Karsten Engsig Sørensen. Ph.d, LL.M., prófessor við Viðskiptaháskólann í Árósum í Danmörku til að kenna í félagarétti og verðbréfamarkaðsrétti við lagadeild Háskóla Íslands og halda fyrirlestra um þýðingu Evrópuréttar um þróun og túlkun reglna á sviði félaga- og skattaréttar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.



Karsten Engsig Sørensen. Ph.d, LL.M., prófessor

potentially has far-reaching consequences for national company law. The speech will focus on the possible impact of the Centros Ltd. decision and on the newest development concerning the harmonisation of company law.

Fundurinn er öllum opin. Aðgangur er kr. 1.000.- en unnt er að kaupa morgunverð á staðnum.

Fyrirlestur 29. mars 2001 um skattalegar hindranir á frjálsu flæði vöru, fólks, fyrirtækja og fjármagns innan Evrópska efnahagssvæðisins

Í samstarfi við lagadeild Háskóla Íslands munu Félag lögfræðinga í fjármálafyrirtækjum og Lögmannafélag Íslands efna til hádegisverðarfundar þann 29. mars nk. á Grand Hótel, Setrinu, kl. 12-14, þar sem Karsten Engsig Sørensen, ph.d, LL.M., prófessor við Viðskiptaháskólann í Árósum í Danmörku, mun mun flytja erindi um skattalegar hindranir á frjálsu flæði fólks, fyrirtækja og fjármagns innan Evrópska efnahagssvæðisins. Mun hann m.a. fjalla um þýðingu dóma Evrópudómstólsins þar sem vikið hefur verið til hliðar skattareglum einstakra aðildarríkja á grundvelli ákvæða Rómarsáttmálans um frjálsa flutninga vöru, fólks, þjónustu og fjármagns. Í erindi sínu mun hann einkum ræða áhrif þessarar dómafrankvæmdar á skattareglur aðildarríkja Evrópusambandsins og afleiðingar hennar fyrir reglur einstakra aðildarríkja um beina skatta og beitingu reglna um ríkisadstoð um skattalegar aðgerðir aðildarríkjanna.

Erindi hans verður á ensku og lýsing því á ensku er svohljóðandi:

Tax obstacles to the free movement rights in the EU

The EC Treaty provisions ensuring free movement of good, person, services and capital have in the last 15 year been used increasingly to set aside national tax rules. There is a substantial number of cases decided by the European Court of Justice on the topic. The speech will focus on the impact of this case-law on national tax law, and its further implications for the harmonisation of direct taxes and the application of the state aid rules on national tax measures.

Fundurinn er öllum opin og kostar kr. 2.500. Innifalið í því verði er auk fyrirlestursins, tvíréttu máltíð og kaffi.

Skráning fer fram á skrifstofu LMFÍ í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfang: jonak@lmfi.is

Karsten er þekktur fræðimaður á Norðurlöndunum fyrir rannsóknir sínar og kennslu á sviði Evrópuréttar og félagaréttar. Eftir hann hafa birst fjöldi tímaritsgreina og annarra rita, þ. á m. um samstarf félaga innan Evrópusambandsins, samspil skattareglna í landsrétti og Evrópurétti, evrópskan yfirtökutillboð, evrópska markaðsrétt og samstarf kauphalla á Norðurlöndunum.

Fyrirlestur 28. mars 2001 um þýðingu Evrópuréttar fyrir félagarétt og þróun réttarsamræmingar

Í samstarfi við lagadeild Háskóla Íslands munu Lögfræðingafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands efna til morgunverðarfundar þann 28. mars nk. í Sunnusal Hótel Sögu kl. 08:00-09:30 þar sem Karsten Engsig Sørensen, Ph.d, LL.M., prófessor við Viðskiptaháskólann í Árósum í Danmörku, mun flytja erindi um Evrópurétt og félagarétt. Mun hann m.a. fjalla um þróun réttarsamræmingar á sviði félagaréttar og þýðingu umdeilds dóms Evrópudómstólsins sem kveðinn var upp 9. mars 1999, svokallaður Centros Ltd. dómur, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ákvörðun dönsku fyrirtækjaskrárinnar að synja skráningu útbús ensks einkahlutafélags, þar sem stofnun þess var talin fela í sér sniðgöngu á dönskum reglum um lágmarksstofnfé einkahlutafélaga, fæli í sér brot gegn staðfesturétti Evrópuréttar. Í erindi sínu mun Karsten einkum ræða áhrif Centros dómsins og væntanlega þróun samræmingar reglna félagaréttar innan Evrópusambandsins.

Erindi hans verður á ensku og hljóðar lýsing þess á ensku svo: **EU Law and Company Law:** After more than 10 years without any substantial results in the area of company law harmonisation the program seems again to be in progress. One of the reasons for this renewed interest is the controversial Centros Ltd. decision by the European Court of Justice, which

Breytingar á félagatali

Ný málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Grétar Hannesson, hdl.
Fiskistofa
Ingólfsstræti 1
S: 569-7900
Fax: 569-7991
gretar@hafro.is

Kristinn Hauksson, hdl.
Lögmannsstofan Síðumúla 9
S: 581-3390
Fax: 568-6823
kh@centrum.is

Endurútfegin málflutningsréttindi

fyrir Héraðsdómi.

Eva Margrét Ævarsdóttir,
Síðumúla 9, 108 Reykjavík
S: 581-3390
Fax: 568-6823
evam@centrum.is

Nýtt aðsetur:

Reynir Grétarsson, hdl.
Lánstraust hf
Þverholt 14, 105 Reykjavík
S: 550-9600
Fax: 550-9601
reynir@lt.is

Garðar Garðarsson, hrl.
Landslög ehf
Hafnarhvoli, Tryggvagötu 11,
101 Reykjavík
S: 520-2900
Fax: 520-2901
gardar@landslog.is

Jón Sveinsson, hrl.
Landslög ehf
Hafnarhvoli, Tryggvagötu 11,101
Reykjavík
S: 520-2900
Fax: 520-2901
jon@landslog.is

Viðar Lúðvíksson, hdl.
Landslög ehf
Hafnarhvoli, Tryggvagötu 11,
101 Reykjavík
S: 520-2900
Fax: 520-2901
vidar@landslog.is

Hrefna Friðriksdóttir, hdl.
Barnaverndarstofa
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
S: 530-2600
Fax: 530-2601
hrefna@bvs.is

Nýr vinnustaður:

Dagmar Sigurðardóttir, hdl.
Landhelgisgæsla Íslands
Seljavegi 32, box 7120, 127
Reykjavík
S: 511-2222
Fax: 511-2244
dagmar@lhg.is

Ragna Haraldsdóttir, hdl.
Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114, 101 Reykjavík
S: 560-4562
Fax: 562-5053
ragna.haraldsdottir@tr.is

Almenna Málflutningsskrifstofan
hefur breytt nafni sínu í:

AM PRAXIS

Sigtúni 42, box 5189, 125
Reykjavík
S: 533-3333
Fax: 533-2333

Jónatan Sveinsson hrl.
js@amp.is

Hróbjartur Jónatansson hrl.
hj@amp.is

Reynir Karlsson hrl.
rk@amp.is

Sveinn Jónatansson hdl.
sj@amp.is

Davíð B. Gíslason hdl.
dbg@amp.is

Jón Ögmundsson, hdl.
jo@amp.is
Helga Laxdal hdl.
hl@amp.is

Lögmenn Austurstræti hafa flutt sig um set og breytt nafni stofu sinnar.

LEGALIS Lögmannsstofan

Lágmúla 7, 108 Reykjavík
S: 562-6969
Fax: 562-6980

Eigendur:

Gunnar Jóhann Birgisson, hrl.
gjb@legal.is
Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hdl.
jrj@legal.is
Sigurbjörn Magnússon, hrl.
sm@legal.is
Þórður Þórðarson, hdl.
tt@legal.is

Fulltrúar:

Guðrún M. Eysteinsdóttir, hdl.
gme@legal.is
Finnur Magnússon lögfr.
fm@legal.is

Þau mistök urðu í síðasta tölu-
blaði að símanúmer og fax hjá
Lex ehf. víxluðust.

Sími 590-2600
Fax 590-2609

Biðjumst velvirðingar á því.

ÁRSHÁTÍÐ LMFÍ

verður haldin laugardaginn 17. mars n.k.

STAÐUR: GRAND HÓTEL - GULLTEIGUR

STUND: KL. 19:30

VERÐ: KR. 8.000.-

Heimateitin verða að venju haldin víða um borg og bæ og hefjast kl. 17:30. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Heiðursgestur kvöldsins verður Guðrún Erlendsdóttir, hæstaréttardómari.

Veislustjóri verður hinn valinkunni og eldhressi: Ragnar H. Hall, hrl.

Örn Árnason leikari leikur á als oddi og þenur hláturstaugar viðstaddra.

Hljómsveitin Geirfuglarnir leikur fyrir dansi og er víst að gleðin verður þar við völd. Skemmtiatriði lögmanna eru ekki af verri endanum og verða a.m.k. tvö atriði frá lögmansstofum en þau eru að vanda hernaðarleyndarmál.



Matsedill:

*Fordrykkur
Kiv Royal*

Forréttur

Köld sjávarréttarfantasía með reyktu úvafi.

Aðalréttur

Flægt er velja um:

- Léttsteiktar andabringur með eplacoulis og plómusósu
eða*
- Þönnusteiktar nautalundir með sveppum og piparsósu.*

Eftirréttur

Súkkulaði truffle á ástríðusósu

Kaffi



Miðapantanir á skrifstofu LMFÍ í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfang: gudny@lmfi.is.

MÆTUM ÖLL

Nýr sýslumaður

Lögmansrekstur til sölu

Það fréttist á dögnum að Ástríður Grímsdóttir hdl. hefði verið skipuð sýslumaður á Ólafsfirði og hættir lögmansstörfum. Rekstur lögmansstofunnar Lögbæjar í Mosfellsbæ er því til sölu. Þorbjörg I. Jónsdóttir hdl, sameigandi Ástríðar, ætlar að breyta rekstri sínum og snúa sér frekar að sérhæfðari störfum.

Ástríður byrjaði rekstur lögfræðipjónustu í Mosfellsbæ strax er hún lauk námi frá lagadeild H.Í. í júní 1993. Í apríl 1996 stofnuðu Þorbjörg þær saman Lögbæ ehf sem hefur verið til húsa á 5. hæð í nýju húsnæði, Kjarna, Þverholti 2, Mosfellsbæ. Í Kjarna er skrifstofa Vís, skrifstofur Mosfellsbæjar, Íslandsbanki, Net-album ásamt fleiri fyrirtækjum. Hafa þær stöllur séð um innheimtur fyrir Mosfellsbæ svo og önnur fyrirtæki.

Skrifstofan er í 120 fm. leiguhúsnæði og starfa þar nú fyrir utan

lögmennina, löglærður fulltrúi og ritari.

Í stuttu spjalli við Þorbjörgu og Ástríði á þessum tímamótum sögðu þær reksturinn hafa notið góðs af staðsetningunni. Mosfellingar leiti mikið til þeirra svo og virðist sem íbúar Vesturlands finnst það góður kostur að leita til lögmanna í Mosfellsbæ. Sérstaða stofunnar hafi orðið til þess að verkefni úr öllum málaflokkum komi til þeirra. Stofan hafi því áunnið sér ákveðinn sess í huga Mosfellinga.

Í dag reka þær Ástríður og Þorbjörg einnig Fasteignasölu Mosfellsbæjar ehf í sama húsnæði og telja þær það hafa talsverða kosti að reka hana með lögmenskunni. Í dag er skipan stofunnar þannig að hæglega geta þrír lögmenn starfað þar ásamt 2-3 starfsmönnum. Öll þjónusta er við hendina, Bónus í verslunarkjarnanum sem er hluti af Kjarnanum, apótek,

kaffihús, hárgreiðslustofa, bóka-búð ofl.

Ástríður og Þorbjörg segja fjarlægðina frá dómstólum og sýslumannsembættum ekki hafa háð sér. Hafþór Ingi mæti við þingfestingar í Reykjavík. Í Hafnarfirði sé allur gangur á því hvort þær mæti sjálfar eða fái aðra til að mæta við fyrirtökur mála. Vegalengdir eru jú nokkrar en frá Mosfellsbæ niður á Lækjartorg eru 15 km. Þurfi að áætla 20 mín. frá því lagt er af stað og þar til komið er í dómsal. Að sjálfsögðu hafi verið reynt að þingfesta sem flest mál á sama tíma svo og oft sé hægt að fá mál tekin fyrir á sama tíma þannig að úr verður ein ferð til Reykjavíkur. Það er ótrúlegt hvað skipulagsgáfuvarnarnjóti sín þegar á þeim þarf að halda.

Að lokum sögðu lögmennirnir þetta: Það er gott er að reka lögmansstofu í Mosfellsbæ og mjög gott að búa þar. Þar er stutt í flestar tómsundaiðkanir. 18 holu golfvöllur, hesthús, flugvöllur, stutt í skíðalönd (ef snjóar) svo og alla útivist s.s. gönguleiðir. Mikið pólitískt starf er rekið í Mosfellsbæ og eru menn fljótir að koma sér á innstu koppa hafi þeir áhuga á slíkum málefnum.

Ástríður mun hætta öllum rekstri eins og áður sagði og munu nýir eigendur/eigandi taka við hennar málum í samráði við skjólstæðinga. Einnig munu nýir eigendur/eigandi ganga inn í alla innheimtusamninga svo og taka við þeim málum eins og þau standa við afhendingu. Sama á við mörg mál Þorbjargar. Ástríður mun hætta lögmennsku í júní n.k. en samningsatriði mun það vera hvað varðar Þorbjörgu. Möguleikar eru því á að kaupa eingöngu rekstur Ástríðar svo og hennar hlut í Lögbæ ehf eða rekstur beggja ásamt félaginu.

Endurrit

hæstaréttardóma

L.M.F.Í. lætur fjölfalda og sendir áskrifendum endurrit hæstaréttardóma á mánaðarfresti.

Endurritin eru í lausblaðaformi og með efnisyfirliti.

**Áskrift er hægt að panta á skrifstofu
L.M.F.Í., í síma 568-5620.**

Erla S. Árnadóttir, brl.

Frá bókasafni LMFÍ:

Nýkomnar bækur

Meðal nýkominna bóka á bóka-
safnið eru þessar:

Ivan Sørensen: **Forsikrings-
loven med kommentarer.**

Grundrettigheder - Ársrit
Retsvidenskabeligt Institut B, fjallar
um tiltölulega nýtt hugtak er nær
yfir gæði sem eru eða ættu að vera
við lýði í réttarkerfinu.

Lenart Lynge Andersen og Erik
Werlauff: **Kreditretten** - Umfjöll-
un um lánasamninga og trygging-
ar.

Stefán Már Stefánsson: **Evrópu-
sambandið og evrópska efna-
hagssvæðið.**

Eigil Lego Andersen: **Aktionæ-
roverenskomster.**

Jørgen Boe: **Direktørkontrakt-
en**, rettigheder, pligter og ansvar.

Rolf Dotevall: **Bolagsledning-
ens skadestandsansvar.**

John Engsig: Lida Hulgaard,
Aage Michelsen, Margrethe
Nørgaard: **Lærebog om ind-
komstskat.**

Lars Loftager Jørgesen, Børge
Aagaard Pedersen, Lars Rasmus-
sen: **Momsloven** - Skýringar við
lögin um virðisaukaskatt, tengslin
við reglur Evrópusambandsins og
umfjöllun um réttarframkvæmd
Evrópudómstólsins.

Paul Bostrup, Susanne Dahl &
Hans Henrik Bonde Eriksen:
**Skattestyrelsesloven med
kommentarer.**

Mogens Moe: **Miljøret.**

John Peter Andersen: **Produkt-
ansvar.**

Dómasafnið. Útgáfa 5.0 á
geisladiski Íslex og Odda. Frá síð-
ustu útgáfu hafa bæst við árgangar
hæstaréttardóma 1976, 1977 og
1998, einnig allir dómar Héraðs-
dóms Reykjavíkur frá árinu 1995 í
munnlega fluttum einkamálum og
sakamálum.

Málflutningskeppni

TJÁNINGARFRELSI OG RÉTTLÁT MÁLSMEÐFERÐ eru við-
fangsefni átta verðandi málflutningsmanna sem er fulltrúar
Íslands í XVII. Norrænu málflutningskeppninni. Atvikalýsing
var afhent laganemunum 19. febrúar sl. og hafa þeir fimm
vikur til að skila greinargerðum sóknar og varnar. Síðan fer
málflutningur fram í Helsinki dagana 9. og 10. júní nk. Þar
sem dómaraar við æðstu dómstóla Norðurlanda og Mannrétt-
indadómstól Evrópu munu meta frammistöðu keppendanna.

Í málinu hefur finnskur uppeldisstarfsmaður kært til Mann-
réttindadómstólsins meint brot gegn tjáningarfrelsisákvæði
Mannréttindasáttmála Evrópu, með því að hann hafi fengið
refsidóm í heimalandi sínu fyrir kynþáttahatur. Þá telur kær-
andinn að það að hann fékk ekki bætur vegna ummæla hátt-
settra opinberra starfsmanna í fjölmiðlum áður en refsidóm-
ur gekk, sé brot gegn meginreglunni um að maður skuli telj-
ast saklaus uns sekt hans er sönnuð. Þetta verður tekist á um
í málflutningi 12 norrænna keppnisiðna í Finnlandi í sumar.



Í HÚSAKYNNUM LÖGMANNAFÉLAGSINS. *Club Lögberg, ís-
lenski málflutningsbópurinn, við upphaf undirbúnings.*
*Gunnar Helgason, brl., beiðursformaður; Sif Konráds-
dóttir, brl., formaður; Björg Thorarensen, skrifstofustjóri*
í dómsmálaráðuneytinu og fræðilegur leiðbeinandi og
laganemarnir Guðrún Dyrleif Kristjánsdóttir, Hulda Elsa
*Björgvinsdóttir, Katla Þorsteinsdóttir, Björg Finnboga-
dóttir og Bergþóra Ingólfsdóttir. Á myndina vantar laga-
nemana Önnu Dögg Hermannsdóttur, Sigurbjörgu Sigur-
jónsdóttur og Skarphéðinn Pétursson.*

Námskeið fyrir lögmenn

Hvernig á að ná til fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf?

Kennarar:

Fanný Jónmundsdóttir leiðbeinandi og Margrét María Sigurðardóttir, hdl.

Námskeiðið er ætlað lögmönnum sem vilja öðlast þekkingu og næmni gagnvart viðmælanda til frekari árangurs. Tilgangur námskeiðsins er sá að þjálfa þátttakendur í réttari líkamstjáningu, orðanotkun, útliti og samskiptum m.a. þegar vitni eða skjólstæðingar eru yfirheyrðir. Loks verður tekið fyrir mikilvægi þess að skapa meðvitað öruggt umhverfi og aðstæður til að vinna með í samskiptum við skjólstæðinga.

Meðal annars verður farið í eftirfarandi atriði.

- * Grundvallareiginleikar; traust, umhyggja, hæfni og auðmýkt.
- * Líkamstjáning og samskipti. Hvernig getur þú "lesið" fólk?
- * Áhrifastjórnun.
- * Framkoma og útlit.
- * Orðaval og samskiptatækni.
- * Boð og bönn í mannlegum samskiptum.
- * Viska-Vald hvernig notar þú það?

Staður: Kennslusalur Lögmannafélags Íslands, Álftamýri 9.

Tími: 26. apríl kl. 15:30-19:30.

Verð: Alm. verð: 14.500.-
Félagsdeild: 12.500.-

Skráning fer fram hjá skrifstofu LMFÍ í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfang: jonak@lmfi.is



IL PLÚS 2.1
NÝ ÚTGÁFA

Innheimtakerfi sem byggir á margra ára þjónustu við lögmenn

Í þessari nýjustu útgáfu eru margar nýjungar sem gera kerfið en fullkomnara

ÞRÓUN

Höfðabakka 9 • Sími 570 7000 • www.throun.is

Útleiga á fundarsal

Lögmenn geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins undir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl.

Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns.

Leiguverðið er 2.500 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts.

Einnig er hægt að panta kaffiveitingar.

Myndir frá jólafundi LMFÍ og LÍ

Jólafundur LMFÍ og LÍ var haldinn 7. desember 2000 á Hótel Loftleiðum og var mæting sérstaklega góð. Heiðursgestur fundarins var að þessu sinni Davíð Oddsson, forsætisráðherra og fór hann á kostum eins og hans er von og vísa.



Heiðursgestur fundarins Davíð Oddsson, forsætisráðherra ásamt Ásgeiri Thoroddsen, formanni LMFÍ, Ingimari Ingasyni, framkvæmdastjóra LMFÍ, Hervöru Þorvaldsdóttur, bólaáskráðgjafi og Gunnari Jónssyni, varaformanni LMFÍ.



Veitingarnar runnu ljúft um kok gesta. Margrét Gunnarsdóttir, bdl., Ragna Árnadóttir, bdl. og Helga Loftsdóttir bdl.



Fedginin Dr. Ármann Snævarr og Valborg Þ. Snævarr, bdl. á góðri stund.



Lögfræðistofa Thorlacius fjölskyldunnar; Gylfi, Svala, Sif og Kristján auk Stefáns Árna Auðólfssonar bdl. og Margrétar Hjaltested.



Lögmenn í Faxafeni gladdir í bragði ásamt Sigurði Sigurjónssyni, bdl. og fleirum.



Bóðið var upp á danskt jólablaðborð að bætti Idu Davidsen.

Námskeið á næstunni fyrir lögmenn

Námskeið hjá Endurmenntunarföndun Háskóla Íslands í samstarfi við:

Lögfræðingafélag Íslands og Dómarafélag Íslands.

Skráning á neðangeind námskeið fer fram hjá Endurmenntunarföndun í síma: 525 4444, bréfsíma 525-4080 eða með tölvupósti á netfang:

Að semja lagafrumvörp nr. 216

Ætlað starfsmönnum ráðuneyta og stofnana, ekki síst lögfræðingum, sem vinna að samningu lagafrumvarpa, þingsályktana, skýrslna og skriflegra svara ráðherra sem lögð eru fram á Alþingi.

Farið verður yfir þær reglur sem gilda um gerð þingskjala. Smíði lagafrumvarpa með áherslu á lagaþæknileg atriði sem þarf að hafa í huga. Ferli þingskjala og tæknivinna við gerð þeirra.

Kennarar: Þórður Bogason, hdl. og Helgi Bernóðsson varaskrifstofustjóri Alþingis.

Tími: 13. og 14. mars kl. 16:00-19:00.

Verð: 13.700 kr.

Rekstur lögmennsstofu nr. 217

Fjallað um reikningsgerð, gjaldskrár, tímaskráningu, hagsmunatengingu, fjárvörslureikninga og starfsábyrgðartryggingar. Einnig farið yfir umboð og verk-samninga milli lögmanna og umbjóðenda. Virðisaukaskattur með tilliti til starfsemi lögmanna, m.a. uppgjör á virðisaukaskatti í innheimtu, tímamark reikningsgerðar, skattskylda, starfsemi sem er undan-skilin skatti, skattverð og útlagður kostnaður. Að síð-ustu verður fjallað um samskipti lögmanna við fjölmiðla og almannatengsl. Hér verður m.a. komið inn á hlutverk lögmenns gagnvart fjölmiðlum, áhrif fjölmiðla á dómstóla og hagnýt ráð vegna viðtala í fjölmiðlum.

Kennarar: Vala Valtýsdóttir hdl, Bjarni Þór Óskars-son hrl og Ástráður Haraldsson hrl.

Tími: 27. og 28. mars kl. 16:00-19:00.

Verð: 13.700 kr.

Enska laganna: Samningagerð nr. 218

Hagnýtt grunnnámskeið í ensku lagamáli, sniðið að þörfum íslenskra lögfræðinga og lögmanna sem eiga samskipti við erlenda aðila.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að auka lesskilning og skilja hugtakanotkun og uppbyggingu mismunandi samninga sem skrifaðir eru á ensku. Áhersla lögð á að byggja upp faglegan orðaforða og kynna rétta notkun algengra orða, orðasambanda og hug-taka.

Námskeiðið er í formi stuttra fyrirlestra, hagnýtra æfinga og umræðna þar sem farið er í lesskilning og lestækni, samningagerð, bréfavíðskipti og samskipta-hætti.

Kennari: Erlendína Kristjánsson lögfræðingur frá Suður-Afríku og BA í ensku frá Háskóla Íslands.

Tími: 30. og 31. mars kl. 9:00-17:00.

Verð: 19.800 kr.

Stjórnarstörf í hlutafélögum - Réttindi, skyldur og ábyrgð nr. 220

Samtímis því sem stjórnun í hlutafélögum hefur orðið virkari, hafa stjórnarmenn farið að taka skyldur sínar alvarlegar en stundum gerðist áður. Hluthafar gera sér einnig betur ljóst, að á stjórnarmönnum hvíla skyldur og ábyrgð og eru tilbúnir til þess að láta á það reyna, hvort stjórnarmenn hafi sinnt skyldum sínum á þann hátt sem hagsmunir félags og hluthafa krefjast. Stjórnvöld hafa einnig í vaxandi mæli dregið stjórnarmenn til ábyrgðar, hafi eitthvað farið úrskeiðis í félaginu, einkum í sambandi við skil opinberra gjalda. Vaxandi kröfur verða gerðar á næstu árum til stjórnarmanna t.d. í umhverfismálum.

Á námskeiðinu verður þess freistað að gefa yfirlit um skyldur og ábyrgð stjórnarmanna og réttindi þeirra. Sérstaklega verður fjallað um refsíábyrgð þeirra, ef illa fer.

Kennarar: Jakob R. Möller hrl. og Kristinn Bjarna-son hrl.

Tími: 24. apríl kl. 16:00-19:00.

Verð: 9.500 kr.

Lagaskil á sviði samningaréttar nr. 221

Farið verður yfir ákvæði laga nr. 43/2000 um laga-skil á sviði samningaréttar. Fjallað verður um gildis-svið laganna og heimildir aðila til þess að semja um hvers lands lögum beita skuli við ágreining sem rísa kann vegna samninga. Þá verður tekið til athugunar hvaða reglur gildi þegar aðilar hafa ekki samið um hvaða lögum skuli beita. Fjallað verður um einstakar samningstegundir og þær formreglur sem gerðar eru til samninga samkvæmt lögnum.

Kennari: Eyvindur G. Gunnarsson hdl.

Tími: 2. maí kl. 16:00-19:00.

Verð: 9.500 kr.

Helstu nýjungar í réttarsálfræði nr. 219

Einkum ætlað lögfræðingum og dómurum.

Gísli H. Guðjónsson, réttarsálfræðingur, fjallar um hlutverk réttarsálfræðinga almennt og sérstaklega um falskar játningar og reynslu sína af meðferð slíkra dómsmála í sex löndum þ.e. Englandi, Norður-Ír-landi, Noregi, Kanada, Bandaríkjunum og Ísrael.

Umsjón: Dr. Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur hjá Fangelismálastofnun.

Kennari: Prófessor Gísli H. Guðjónsson réttarsálfræðingur við Lundúnarháskóla.

Tími: 28. maí kl. 15:00-19:00.

Verð: 15.400 kr.

Stjórnsýsluréttur/starfsmannaréttur nr. 222

Ráðgert er að halda námskeið um Stjórnsýslurétt/starfsmannarétt á vor- eða haustönn 2001, nánari tímasetning verður ákveðin og auglýst síðar.

Námskeið á næstunni fyrir starfsmenn:

Kennt er í kennslusal LMFÍ að Álftamýri 9. Skráning er hjá skrifstofu LMFÍ í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfang: jonak@lmfi.is

Skjalastjórnun

Fyrir alla sem annast almenn skrifstofustörf, sjá um skjalasöfn og frágang skjala. Námskeiðið er grunnnámskeið í skjalastjórnun og verður tekið tillit til þeirra skjalaflokka sem unnið er með á lögmannsstofum. Farið verður í skjalastjórnun á tímum upplýsinga og tækni. Fjallað verður sérstaklega um flokkun og vistun rafræna gagna og einnig ítarleg umfjöllun um tölvupóst.

Umsjónarmaður: Svava H. Friðgeirsdóttir MSc.

22. og 23. mars

Gerð Hæstaréttarágripa

Námskeiðið er ætlað starfsmönnum á lögmannsstofum sem sjá um eða koma til með að sjá um gerð Hæstaréttarágripa. Meðal annars verður farið í atriði sem snúa að gerð ágripa s.s. útliti, röðun gagna, fjölföldun, merkingu, efnisskrá og fleira. Fulltrúi frá Hæstarétti Íslands mun kynna reglur um gerð ágripa.

3. og 4. apríl

Almenn kynning á lögfræði og réttarkerfinu

Fyrir starfsmenn á lögmannsstofum sem vilja bæta þekkingu sína á lagaumhverfinu og auka skilning sinn á réttarkerfinu. Farið verður í algeng atriði er snúa að lögfræði. Námskeiðið er sett upp á einfaldan hátt og leitast við að svara spurningum um lögfræðileg efni sem upp koma. Ástráður mun fjalla um hlutverk lögmannna, sýslumenn og dómstóla, einkamál, opinber mál, skilnaði, erfðamál og fleira.

Sérstaklega verður fjallað um réttarstöðu starfsmanna á lögmannsstofum.

Umsjónarmaður: Ástráður Haraldsson hrl.

7. og 8. maí

Atvinna óskast

„Þýskur lögfræðingur (áhersla á Evrópurétt) í undirbúningi fyrir íslensk málflutningsréttindi, óskar eftir starfi á íslenskri lögmannsstofu.“

Talar góða íslensku, auk þýsku, frönsku og ensku reiprennandi. Áhugasamir geta haft samband við Christiane Bahner í síma 487 8178 eða e-mail: stina02@yahoo.com“.

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 2001 verður haldinn föstudaginn 16. mars n.k., kl. 14:00 í Setrinu á Grand hótél. Aðalfundarstörf samkvæmt 8. gr. samþykktá félagsins. Að loknum aðalfundi LMFÍ verður haldinn aðalfundur félagsdeildar LMFÍ. Aðalfundarstörf samkvæmt 6. gr. reglna um félagsdeild LMFÍ.

Stjórn Lögmannafélags Íslands

LÖGMENN

Við framkvæmum óháða greiningu á líkamsástandi háls hryggjar og baks eftir slys.

Greiningin byggir á:

- ☆ Stöðluðum spurningakönnunum.
- ☆ Nákvæmri líkamsskoðun.
- ☆ Sérstökum tækjaprófum.

Tækjaprófin meta ástand vöðva og stjórnun hreyfinga á hlutlægan hátt.

Niðurstöður allra greiningarþáttanna verða teknar saman í álitsgerð sem liggur fyrir innan tveggja vikna.

Nánari upplýsingar í síma: 511-1575

HREYFI | GREINING

www.hreyfigreining.is